

Skryttni karlinn í sjónvarpinu

Bragi Valdimar er einn vinsælasti textasmiður og tónskáld landsins. Þrátt fyrir það hefur hann litla sem enga þörf fyrir að trana sér fram eða reyta af sér brandarana. Feimni og fyndni er óalgeng og ómótstæðileg samsetning — eins og Bragi.

— sjá síðu 10



UPPÁHALDS Í ÍSSKÁPNUM



Lilja Björk Ketilsdóttir þjálfari í Hreyfingu og vörumerkjastjóri hjá Icepharma segist alltaf eiga þessa hluti í ísskápnum.



1 Smjör

Hreinlega af því að það er svo gott, ég borða mikið smjör og mætti segja að ég fái mér brauð eða hrökkkex með smjörinu.

2 Ostur

Af því að ostur gerir svo margt svo miklu betra. Á mínu heimili er osturinn algjörlega ómissandi hvort sem það er ostur á brauðið, pitsuna, í sósuna eða réttinn. Ostur gerir matinn hreinlega betri.



3 Egg

Þegar þú átt egg er alltaf til eitthvað að borða, egg á ótal vegu geta búið til alls konar máltíðir og svo er alltaf hægt að baka eitthvað gott þegar maður á egg.

4 Alls konar sósur

Af því ég er algjör sósukona og sósur af öllum gerðum gera allan mat betri.

5 Möndlumjól

Mér finnst Isola-mjólkin í bleiku fernunum best. Smoothie-gerð er mjög vinsæl á okkar stóra heimili og þessi því nauðsynleg í ísskápnum. Svo er hún svo agalega góð í kaffið!

6 Góðgerlar

Að lokum ekki matur en samt nauðsynlegt! Góðgerlar. Til að halda öllu í jafnvægi og líða vel. Ég tek Womens probiotic frá Now og mæli með þeim.

Að standa í lappirnar

Þegar ég var ólétt að mínu fyrsta barni gaf góð vinkona mín mér ráð sem hefur fylgt mér síðan og ég ósjaldan gripið til. „Nú þarft þú að vera hörð og taka ákvarðanir fyrir barnið þitt af því að það getur það ekki sjálf.“ Við höfðum verið að ræða tilhneigingu fólks til að vaða ofan í vagna með nokkurra vikna gömlum börnum til að kjassa þau. Ónæmiskerfi mjög ungra barna er veikt og því mælast heilbrigðisfyrirvöld til þess að fáir umgangist það til að byrja með og fólk spritti eða þvoi á sér hendurnar þegar það sinnir barninu.

Vinkonan minnti mig á þetta samtal fyrir skemmstu. Hún sagði að sér liði á vissan hátt eins og hún væri aftur með kornabarn með veikt ónæmiskerfi. Það sé mikilvægt að setja sín mörk sjálfur og ekkert nema sjálfsagt að aðrir virði þau. Sama hvað viðkomandi finnst um sóttvarnareglur þá er lágmarksskurteisi að virða óskir annarra.

Eins sýnir fjöldi smitaðra barna og barna í sóttkví að börn geti vissulega líka smitast af veirudjöflinum og lítið er vitað um eftirmál sjúkdómsins þó að þeir sem smitast verði ekki mikið veikir.

„Þú veist ekki hvaða aðstæðum aðrir eru í. Hvort eða hvaða undirliggjandi sjúkdómar eru hjá heimilisfólkinu eða hvort fólk er bara hrætt og kvíðið,“ sagði vinkonan og vísaði til þess að hún hafði nokkrum sinnum fengið leiðinlegt viðmót þegar hún lagði höndina yfir brjóstið til þess að heilsa í stað þess að faðma fólk eins og hún gerir venjulega.

Hún hafði átt afmæli fyrir nokkrum dögum og þurfti ítrekaðað víkja sér undan faðmlögum. Það er vissulega ekki notalegt að forðast faðmlag sem venjulega er kærkomið. Fólk bregst mismunandi við. Sumir hlæja og rétt fram olbogann og muldra „úps“ eða „gleymdi mér“ á



Fallegar grímur fást víða.

MYND/HILDURYEOMAN.COM

meðan aðrir verða reiðir „láttu ekki svona“ eða „það má bara ekki lifa lengur“.

Jú, það má nefnilega alveg lifa – og það eftir eigin höfði. Það er fallett að bera virðingu fyrir fólki og aðstæðum þess. Að virða tveggja metra regluna er lágmarksskurteisi og grímunotkun líka. Önnur vinkona mín fékk COVID-19 fyrir rúmlega 6 mánuðum og er enn að eiga við eftirköstin. Hún setur þó á sig grímu ef hún fer inn í verslanir.

„Af hverju gerir þú það?“ spurði ég. „Mér finnst það kurteisi. Fólkíð í kringum mig í búðinni veit ekkert að ég er með mótefni og það er sjálfsögð kurteisi að valda fólki ekki vanlíðan og kvíða ef ég get sleppt því.“

Og þarna er það komið gott fólk – Bingó í sal! „Sjálfsögð kurteisi.“ ■

Það ber sig enginn vel

SVART HÖFÐI

Helgi Björns hafði rangt fyrir sér. Það bera sig ekki allir vel þessa dagana. Hvort sem það eru Ingjaldsfíflin sem fara ekki eftir sóttvarnareglum, þeir sem eru orðnir þreyttir á þessu öllu saman, þeir sem eru að fara í sína þriðju sóttkví og jafnvel þríeykið er farið að láta að sjá.

Svarthöfði sjálfur er orðinn hundleiður á upplýsinga-óreiðunni og taugaveikluninni sem henni fylgir. Sjálfur ber hann alltaf grímu, og gerði löngu áður en COVID-19 skall á. Svarthöfði kærir sig jafnframt lítið um að vera í návígi við ókunnuga sem bera ekki grímu. Þess vegna kættist Svarthöfði nokkuð þegar einhvers konar grímuskyldu

átti að koma á í verslunum. Bros Svarthöfða var þó fljótt að breytast í grettu. Skilaboð Þórólfs voru þessi: „Skylt að bera andlitsgrímur ef ekki er hægt að tryggja a.m.k. 2 metra á milli einstaklinga sem ekki eru í nánum tengslum.“

Hvað í fjandanum þýðir það? Grímuskylða í Melabúðinni en ekki í Krónunni á Granda? Grímuskylða í Bónus á Smáratorgi en ekki Bónus á Nýbýlavegi? Svo eru Íslendingar allt of miklar brussur til að geta fyllilega tryggt tvo metra. Allir eru voða duglegir og prúðir í biðröðunum, en inni í verslunum gilda lögmál frumskógarins. Fólk gerir hluti eins og að troðast fram fyrir hvert annað í mjólkurkælinum til að ná örugglega síðustu hrísmjólkinni með sultu. Eða velur sér þrengsta ganginn í búðinni til að stoppa með risakörfu og

tala við Stínu frænku sem þeir hafa ekki hitt í sex mánuði, líklega vegna þess að Stína er leiðinleg en íslenska kurteisin krefst þess að menn stoppi í 5-7 mínútur og tali um nákvæmlega ekki fókking neitt.

Á meðan þarf fólk að fara allan hringinn til að komast að matnum sem það vantar, eða teygja sig yfir Stínu og féлага, eða ganga þétt upp að þeim og hvæsa AFSAKKIÐÐÐ!? Við allt þetta þarf að brjóta 2 metra regluna. Stína frænka má bara fara til fjandans, það er alveg hægt að senda henni skilaboð á Facebook. Og ef allir væru með grímu þá hefði maður líklega ekki þekkt Stínu frænku og hún ekki þekkt þig.

Svona óskýr fyrirsmæli skapa bara stress og leiðindi. Hinir hræddu og kvíðnu sem bera grímuna líkt og um helgiathöfn sé að ræða ættu að geta treyst

því að komast í verslun án þess að mæta grímulausu fólki sem getur ekki virt tvo metra nema bara rétt í biðröðinni.

Tveggja metra reglan gildir alls staðar í verslunum. Og það þýðir heldur ekkert að passa tvo metra í biðröð bara til að vera svo hrúgað saman með mörgum viðskiptavinum til að koma vörunum í pokann.

Það er bara greinilega svo að Íslendingar eru eins og lítil þrjósk börn. Eitt sinn það Svarthöfði afkvæmi um að gæta þess að brjóta ekki múmínbollann hennar mömmu. Stuttu síðar heyrðist brothljóð úr eldhúsinu. Afkvæmið rölti svo bara rólega fram, virtist hvorki skömmustulegt né niðurdregið. „Þetta er allt í lagi, pabbi. Ég braut bara venjulegan bolla.“ Afkvæmið þurfti skýrari reglur. Íslendingar þurfa það líka. ■



ÚTGÁFUFLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI: Björn Viglundsson RITSTJÓRI: Þorbjörg Marínósdóttir, tobba@dv.is FRÉTTASTJÓRI: Erla Hlynisdóttir, erlahlyn@dv.is AUGLÝSINGAUMSJÓN: Sigurbjörn Richter, sigurbjorn@dv.is PRENTUN: Torg prentfélag DREIFING: Póstdreifing DV áskilur sér rétt til að birta aðsent efni blaðsins á stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. Öll viðtöl blaðsins eru hljóðrituð. Notkun á efni blaðsins er óheimil án samþykkis. DV, Kalkofnsvegi 2, 101 Reykjavík Sími: 550 7000.

Aðalnúmer: 550 5060
Auglýsingar: 550 5070
Ritstjórn: 550 5070

FRÉTTA SKOT
550 5070
abending@dv.is



Luxaflex®

Luxaflex® Duette® gluggatjöld



Luxaflex Duette býður upp á hundruð mismunandi efna sem gerir það mögulegt að sameina áferðir, liti og flekabreiddir. Með Duette lausnum getur þú gert heimili þitt einstakt. Duette er hægt að fá rafstýrð með **Luxaflex Power View**. Komdu við í sýningarsal okkar að Víkurhvarfi 2 og skoðaðu möguleikana eða kíktu á www.zenus.is.

ZENUS | Víkurhvarfi 2 | 203 KÓPAVOGI | S: 554 2450 | www.zenus.is

ZENUS

MEST LESIÐ

Á DV Í VIKUNNI

1 Katrín Björk gerði samanburð á verði matvöruverslana – Niðurstaðan kom henni á óvart *Katrín Björk Birgisdóttir gerði óformlegan samanburð á Krónunni, Nettó og Bónus. Verðmunurinn reyndist minni en hún reiknaði með.*

2 Ranghugmyndir sagðar á sveimi um manninn sem lést í húsbílsbrunum *Einar Jónsson lést ásamt hundum sínum þegar húsbíll hans brann í Árnessýslu. Margir héldu að hann hefði verið utangarðsmaður en það er ekki rétt.*

3 Leit á stjúp föður sinn sem pabbarn sem hún átti aldrei – *Par til hún gerði skelfilega upp-götvun Lauren Brightwood komst að því að stjúpfaðir hennar myndaði hana þegar hún var í baði.*

4 Missti eiginmann og stjúp-dætur fyrir 10 árum – *VÍS segir konuna vera að ljúga dauða þeirra og neitar að borga Íslensk kona fær ekki bætur úr tryggingum því tryggingafélagið trúir ekki að eiginmaður hennar og stjúp dætur séu látin.*

5 Heiða krefst svara og segir að systkini hennar standi öll gegn Gunnari – *„Mér finnst þetta ofboðs-lega særandi“ Heiða Þórðar greinir frá erfiðum fjölskylduerjum eftir að bróðir hennar, Gunnar Jóhann Gunnarsson, banaði öðrum bróður þeirra í Noregi í fyrra.*

6 14 ára stúlka tók líklega mynd af morðingja sínum – *Enginn veit hver hann er Vinkonurnar Liberty German og Abigail Williams voru myrtar í Bandaríkjunum árið 2017. Önnur þeirra náði mynd af morðingjanum og birti á Snapchat en hann hefur enn ekki fundist.*

7 Heitir og hæfileikaríkir á lausu *DV tók saman lista yfir nokkra efnilega piparsveina á Íslandi.*

8 Vikan á Instagram – *„Það eru kannski milljón fiskar í sjónum en ég er hafmeyja“ Vikan á Instagram er fastur liður á dv.is á mánu-dögum og nýtur mikilla vinsælda.*

Í FRÉTTUM ER ÞETTA HELST...



Smit í landsliðinu

Í vikunni bárust fréttir af því að smit hefði komið upp í innsta hring landsliðsins. Samkvæmt fyrstu fréttum var um að ræða starfsmann karlalandsliðsins í fótbolta. Kom síðar í ljós að um væri að ræða Þorgrím Þráinsson, rithöfund og afreks-íþróttamann. Þorgrímur sagðist vera einkennalaus og frískur. Síðar reyndist þörf á að senda tvo úr liðinu í sóttkví auk allra starfsmanna liðsins. Liðið mætti Belgum á Laugardalsvelli á miðvikudaginn og komu ófarirnar ekki í veg fyrir glæsta frammistöðu þó að liðið hafi tapað 2-1.

Manntjón í húsbílsbruna á Suðurlandi

Síðastliðinn laugardag bárust fréttir um húsbílsbruna í Grafningi við bakka Sogsins en ekki væri vitað hvort einhver hefði verið í bílnum. Seinna sama dag bárust þau sorgartíðindi að maður hefði látist í brunanum. Á sunnudagsmorgun birtust svo fréttir af því að Neyðarlínu hefði borist tilkynning um mikinn eld á svæðinu. Vegna galla í tölvukerfi Neyðarlínunnar komst tilkynningin aldrei til lögreglu. Oddur Árnason yfirlögregluþjónn sagði við tækifærið að þó yfirgnæfandi líkur væru á því að örlög Einars hefðu þegar verið ráðin þegar tilkynningin barst, væri tölvugallinn hið versta mál.

Ekkert lát á þriðju bylgju COVID

Þriðja bylgja COVID-19 faraldursins hélt áfram í vikunni og greindust á fimmta hundrað innanlandssmit síðastliðna viku. Virk smit eru nú orðin fleiri en þau voru í fyrstu bylgjunni, þó færri séu á sjúkrahúsi. Reglugerð um sóttvarnaaðgerðir, þar sem samkomur fólks eru meðal annars takmarkaðar, rennur út í næstu viku og von er á minnisblaði sóttvarnalæknis á allra næstu dögum. Nýgengi smita er nú eitt það hæsta í Evrópu, eða um 270. Í byrjun september var það í kringum 15. Lægst fór það í 0,5.



„Hvar er nýja stjórnarskráin?“

Á mánudagsmorgun blasti við starfsfólki Sjávarútvegshússins nýtt listaverk á veggnum sem teygir sig út úr suðvesturgafli hússins yfir á bílastæði ráðuneytanna sem þar eru. Hafði hópur fólks tekið sig saman og málað „Hvar er nýja stjórnarskráin?“. Það vakti undrun og athygli margra þegar skila-boðin voru þvegin af samdægurs, þó veggjakrotið sem fyrir var hefði fengið að standa í mörg ár. Daginn eftir hófust svo listamenn handa við endursköpun verksins á trévegg um 50 metrum frá nýþrifna steinveggnum.

Frumvarp um mannanafnanefnd

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir dómismálaráðherra mælti fyrir frumvarpi um mannanöfn. Leggur hún þar til talsverða rýmkun á reglum um mannanöfn frá núgildandi lögum. Stærsta breytingin verður að nefndin sjálf verður lögð niður og hluti verkefna hennar færð yfir til Þjóðskrár. Í Twitter-færslu um frumvarpið sagði Áslaug: „Frelsi til að bera það nafn sem þú kýst, að taka upp nýtt ættarnafn og engin hámerk á fjölda nafna.“ Þar auglýsti hún jafnframt eftir reynslusögum fólks sem óánægt væri við núverandi kerfi.



Ósætti í fjölskyldu hins myrta

Heiða Þórðar, systir bræðranna Gísla Þórs Þórarinssonar og Gunnars Jóhanns Gunnarssonar, steig fram með þungar ásak-anir í viðtali við dv.is. Réttarhöld standa yfir yfir Gunnari sem varð bróður sínum að bana vorið 2019. Heiða telur verknaðinn hafa verið slys en segir öll systkini sín þrjú auk barnsmóður sakborningsins vilja að Gunnar fái sem þyngstan dóm. Enn fremur krefst hún þess að fá upplýsingar um söfnun vegna andláts Gísla sem og um erfðamál hans og líftryggingu.



RAGNHEIÐUR BIRGISDÓTTIR / MORGUNBLAÐIÐ


„Bráðskemmtileg lesning.“

SUNNA DÍS / KILJAN

„... þessi ofgnótt og gleði sem einkennir Ófeig. Hún er svo skemmtileg.“

ÞORGEIR TRYGGVASON / KILJAN

Stórskemmtilegt og fyndið verk úr frjóum sagnaheimi Ófeigs Sigurðssonar.



LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskilóð 39 | www.forlagid.is | Opið alla virka daga 10–18 | laugardaga 11–16



Rekstrarumsjón

Látið okkur um rekstur húsfélagsins

Rekstrarumsjón býður upp á þrjár rekstrarleiðir vegna reksturs húsfélaga og geta viðskiptavinir því valið hversu umfangsmikla þjónustu þeir kjósa sér

Rekstrarleið 1

Fjármál og
innheimta

Rekstrarleið 2

Fundabjónusta

Rekstrarleið 3

Full þjónusta

167 ÞOTUR AF HESTUM ÚR LANDI

Fyrirtækið Hestvit tilkynnti í vikunni að það hefði flutt út tíupúsundasta hestinn sinn á sínum ferli. Fyrirtækið er í eigu hjónanna Huldu Gústafsdóttur og Hinriks Bragasonar og hefur veiran lítil áhrif á eftirspurnina.

Heimir Hannesson
heimir@dv.is

Þau hjónin hafa síðan árið 1989 staðið að útflutningi hesta og stofnuðu utan um þann rekstur fyrirtæki árið 2003. Sjá þau nú um að kaupa hesta innanlands til útflutnings, sem og að rækta þá til útflutnings auk þess að flytja út hross sem aðrir hafa selt. Árið 2019 flutti fyrirtækið út 653 hesta og stefnir í að sú tala hækki enn árið 2020 og því ekki að sjá að COVID sé að hafa neikvæð áhrif á þau millilandsviðskipti eins og svo mörg önnur. Hjá fyrirtækinu starfa börn þeirra Huldu og Hinriks og tengdadóttir.

„COVID er ekki að setja strik í reikninginn hjá okkur. Það mætti meira að segja segja að COVID sé að hafa þveröfug áhrif á útflutninginn

og sala hesta bara nokkuð góð núna á þessu ári,“ sagði Hulda í samtali við blaðamann DV. Sagði hún að hugsanleg skýring á því væri að fólk hefði ef til vill meira milli handanna enda væri peningum ekki eytt í ferðalög á meðan.

Útflutningi fylgir mikið tilstand
Á hljóðinu í Huldu að dæma er ljóst að hún nýtur sín vel í þessum bransa og er stolt af því sem hún er að selja: „Íslenski hesturinn er fyrir löngu búinn að vinna sér inn sérstöðu og er mjög vinsæll til dæmis í Þýskalandi. Hestarnir okkar eru einstakir, gangtegundirnar, töltil og skeiðtil og karakterinn þeirra, þeir eru svo ljúfir og góðir,“ útskýrir hún.

Að flytja út hest fylgir mikið tilstand, enda um 350 kílóa lifandi veru að ræða. Fyrst þarf að sækja hestinn og koma honum til dýralækn-



Íslenski hesturinn er eftirsóttur í Þýskalandi. MYND/VALLI

is sem fyllir út nauðsynlega pappíra sem fylgja hestinum út, svokallað vegabréf, auk þess sem dýralæknirinn vottar að hesturinn sé heilbrigður og hafi heilsu í ferðalagið. Að því loknu fer hesturinn til Keflavíkur, en þeir eru allir fluttir utan með flugi. Hestunum er í Keflavík komið fyrir í sérstöku fluggámum sem rúmast í Boeing 757 fraktflutningavélar Icelandair. Þar hitta hestarnir jafnframt umsjónarmann hestaflutninga hjá Icelandair sem flýgur með hestunum út.

167 fullar þotur
Fullhlaðinn rúmar Icelandair þota heila 60 hesta, og reiknast Huldu þannig til að um sé að ræða 167 fullar fraktflutningavélar Icelandair sem Hestvit hefur flutt út í gegnum árin. Hestarnir sem Hestvit selur til útlanda eru, að sögn Huldu, á breiðu verðbili. „Þeir byrja í svona fjögur til fimm hundruð þúsundum en geta farið í margar milljónir. Þar vegur auðvitað þyngst gæði hestsins, það er að segja gangtegundirnar, hvað hann lyftir fótunum hátt til dæmis, eða

hvort hann henti í keppni eða bara sem reiðhestur,“ útskýrir hún.

Aðspurð hverjir það eru sem kaupi sér íslenska hesta segir Hulda það vera „alls konar fólk“ og tekur fyrir það að þetta sé yfirstéttarsport. „Nei, þetta er ekki ódýrt sport, vissulega, en þetta er ekki það dýrasta heldur, hvorki hérna heima né í Evrópu.“ Hér heima leggja um 20-30 þúsund manns stund á íþróttina. „Við erum þriðja stærsta sportið í ÍSÍ á eftir fótbolthanum og golfinu,“ segir Hulda. ■

GLERAUGUN VORU TUGUM ÞÚSUNDA ÓDÝRARI

DV fylgist gjarnan með góðum tilboðum og verðlagsþróun. Virkt eftirlit í neytendamálum stuðlar að bættum hag heimilanna.

Ritstjórn
dv@dv.is

Neytendavakt DV fékk ábendingu um góð kaup í gleraugnamálum þar sem lesandi nokkur sparaði tugi þúsunda.

„Mér var bent á Costco af samstarfsskonu minni en ég var á leið að kaupa 70 þúsund króna gleraugu og margskipt gler í þau fyrir 120 þúsund í gleraugnaðúð í Reykjavík. Samtals 190 þúsund,“ segir lesandinn alsæll með kaupinn.

Konan sem um ræðir, sló því til og fór í Costco og segist hafa pantað sér tvenn gleraugu. „Ég var að fá gleraugun bæði og finnst þau bara harla góð. Það tók 10 daga að fá glerin eftir að ég keypti

umgjörðirnar en fólk þarf að huga að því að panta sjónmælingu í versluninni áður. Ég fékk góða þjónustu í Costco og allt gekk vel og hratt fyrir sig.“

Hún segist hafa endað á að kaupa tvenn gleraugu. „Ég borgaði síðast fyrir gleraugnaumgjörð, venjulegt sjóngler við nærsýni og mælingu um 120 þúsund fyrir þremur árum í gleraugnaðúð í Reykjavík. Í Costco voru önnur glerin margskipt en hin venjuleg við nærsýni en samtals borgaði ég 103.400 fyrir tvö pör, Prada-umgjörðin kostaði 29.900 krónur.“

Hún tekur þó fram að líklega sé meira úrval í hefðbundnum gleraugnaðúðum á höfuðborgarsvæðinu. ■



Gleraugna-salan í Costco er vinsæl og margir hafa gert þar góð kaup. MYND/COSTCO.COM

Costco WHOLESALE			
ICELAND WAREHOUSE (Sími - 532 6555) Costco Wholesale Iceland ehf. Kaupþón 3 210 Garðabær Ísland VSK NR: 120672			
STANDARD Heðlinúmer: Sala kr.			
PRADA 13U KJJ-101			
0263115K 1x	29.900	29.900	C
Goods	29.900		
Services	0	0	
WILLOW WAE SOHPTE			
0316822K 1x	12.900	12.900	C
Goods	12.900		
Services	0	0	
Greiðslu nú		42.800	

STANDARD Heðlinúmer: Sala kr.			
ZEISS SUPERB 1.6			
0100546K 1x	23.000	23.000	C
Goods	23.000		
Services	0	0	
ZEISS SUPERB 1.6			
0100546K 1x	23.000	23.000	C
Goods	23.000		
Services	0	0	
ORMIX 1.6 C/S			
0940708K 1x	6.000	6.000	C
Goods	6.000		
Services	0	0	
ORMIX 1.6 C/S			
0940708K 1x	6.000	6.000	C
Goods	6.000		
Services	0	0	
EYE EXAM			
0106013K 1x	2.600	2.600	C
Greiðslu nú		60.600	

ÓDÝRT Í COSTCO

Hér má sjá afrit af kvittunum úr Costco fyrir gleraugunum. Þau fyrri kostuðu 42.800 krónur, þar af kostaði Prada-umgjörðin 29.900. Margskiptu gleraugun kostuðu alls 60.600 krónur.

Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar

Traust fjölskyldufyrirtæki í áratugi



Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar

Traust og faglegt fjölskyldufyrirtæki í 30 ár.

Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar er elsta starfandi útfararþjónustan á höfuðborgarsvæðinu.

Við höfum áratuga reynslu við að annast alla þætti útfararþjónustu.

Hægt er að hafa samband allan sólarhringinn alla daga ársins.

Hljá, auðmýkt og virðing er okkar leiðarljós. Við tökum tillit til þess að fólk er í sárum eftir ástvinamissi. Okkar markmið er að veita framúrskarandi og persónulega þjónustu á sanngjörnu verði.

Nánar um okkur:
Sími: 567-9110
Netfang: utfarir@utfarir.is



Heimir
Hannesson
heimir@dv.is



Um síðustu mánaðamót var ein stærsta auglýsingastofa landsins, Íslenska auglýsingastofan, tekin til gjaldþrotaskipta. Missir langtímaviðskipta við Ícelandair og kórónuveirufaraldurinn voru á meðal helstu ástæðna þess að svo illa fór fyrir þessu gróna fyrirtæki.

Dormóður Jónsson, fyrrverandi eigandi auglýsingastofunnar Fíton, keypti vörumerki og eignir Íslensku auglýsingastofunnar í síðustu viku ásamt syni sínum Baldvini og hyggst hnoða lífi í stofuna. Þetta gerist í sömu viku og fyrrverandi stórveldi Dormóðs er tekið til gjaldþrotaskipta samkvæmt úrskurði héraðsdóms frá 7. október síðastliðnum. Eigendur Fíton í dag eru samkvæmt fyrirtækjaskrá Guðmundur Hrafn Pálsson og Valgeir Guðmundur Magnússon. Valgeir og Guðmundur eru einnig eigendur auglýsingastofunnar PIPAR/TBWA.

Núll kennitala

PIPAR/TBWA, Fíton, vefstofan Skapalón, framleiðslufyrirtækið Miðstræti og ráðgjafarfyrirtækið Kansas sameinuðust í janúar árið 2014 undir nýju nafni; Janúar. Sex mánuðum síðar var Janúar brotinn upp á ný og eftir stóð PIPAR/TBWA.

Virðisaukaskattsnúmer Fíton ehf. var þó ekki afskráð fyrr en í mars 2019 og áfram voru gerðir ársreikningar fyrir kennitöluna og skilað inn á ári hverju. Eins hefur auglýsingamiðlunin GT8 ehf. verið lýst gjaldþrota, en sú kennitala er einnig í eigu Valgeirs og Guðmundar. Áður hét félagið Auglýsingamiðlun ehf. og var starfsemi þess tengd rekstri Fíton ehf. og sá Auglýsingamiðlun um birtingarmál fyrir Fíton. Aðspurður um gjaldþrotið segir Valgeir að Fíton-kennitalan hafi orðið eftir, eftir sameiningu og enginn rekstur á henni síðan 2014. „Þetta er í raun bara núll kennitala sem lifði áfram.“

Engar uppsagnir

Aðspurður um stöðu auglýsingamarkaðsins á Íslandi segir hann: „Þetta er auðvitað erfiður bransi núna, nánast allir bransar nema sprittbrúsabransinn eiga í erfiðleikum,“ segir Valgeir, í góðlátlegu gríni. „Það er auðvitað samdráttur í okkar bransa. Talsvert mikill, og við verðum að mæta því með alls konar ráðum. Hlutabótaleiðin hefur hjálpað okkur mikið og tókst okkur að forðast uppsagnir.“

Valgeir segir PIPAR/TBWA ekki hafa þurft að segja neinum upp. „Við tímum ekki að eyðileggja þetta góða teymi sem við vorum búin að byggja upp. Við vorum með frábært teymi sem var að vinna fyrir ferðabransann mikið og þó ferðabransinn sé svo til horfinn þá tímum

við ekki að eyðileggja það. Ef við hefðum farið í uppsagnir hefði teymið bara eyðilagst og við bara tímum því ekki. Í staðinn fundum við talsvert af erlendum verkefnum fyrir þessi teymi. Það hefur svo líka hjálpað til að þau verkefni skila tekjum í erlendum gjaldreyri og þegar krónan gefur eftir eykst framlegð þeirra verkefna á móti.“

September ágætur

Aðspurður af hverju fyrstu viðbrögð fyrirtækja við kreppu séu gjarnan að skera niður í sölu- og markaðsstarfi svarar Valgeir að það sé einfaldlega auðveldara. „Það er svo sársaukafullt að segja upp fólki, og svona verkefnum eins og við erum að sinna er gjarnan úthýst, einmitt til okkar, svo það er talsvert auðveldara að skera niður kostnað þar, með því að segja upp samningum.“

Hann segir það þó ekki alltaf rétta ákvörðun að stoppa allt markaðsstarf þó í harðbakkann slái. „Auðvitað eru bransar eins og ferðabransinn sem eru að slökkva á öllum útgjöldum enda tekjur sama sem engar, og það skilur maður.

En aðrir, og um þetta eru mörg dæmi í markaðssögunni, ættu að vera að nýta tímann í ládeyðunni og halda dampi í markaðsstarfi og þegar hlutir fara í gang aftur hafa þau fyrirtæki náð til sín verulegri markaðshlutdeild.

Ég myndi giska á í heild að auglýsingabransinn hafi farið niður um 30 prósent. Stærri verkefni í ferðabransanum eru horfin, en önnur minni komin í staðinn. September var til dæmis ágætis mánuður, og það var fyrsta alvöru batamerki frá því í mars, en svo komu þessar takmarkanir aftur.“

Tímabundin kreppa

„Þessi kreppa er öðruvísi en fyrri kreppur að því leyti að maður finnur að fólki finnst að þetta verði tímabundið ástand. Í síðustu stóru kreppu var minni meðvitund um að þetta væri tímabundið ástand, og það er þá hvati fyrir fyrirtæki að vilja ekki missa markaðshlutdeildina. Það sem er einnig öðruvísi núna er að það er meiri hegðunarbreyting í samfélaginu og að fyrirtæki eru á fullu að reyna að elta við þessar

Ég myndi giska á í heild að auglýsingabransinn hafi farið niður um 30 prósent.

hegðunarbreytingar og það kostar auðvitað tíma, og nú ættu fyrirtæki að fjárfesta í þannig verkefnum.“

Valgeir segist nokkuð brattur þrátt fyrir kófið og að fyrirtækið sé ekki komið að þölmörkum. Þrot Fíton sé enginn vísbending um slíkt. „Nei, nei, nei, við lifum þetta af. Við erum ekki að fara neitt. Okkur hefur tekist að vinna þetta ár án þess að vera að tapa peningum.“

Aðspurður um hvernig honum lítist á að fyrrverandi samstarfsmaður hans Dormóður sé aftur á leiðinni í auglýsingabransann segir hann: „Ég vona bara að þeim gangi vel. Það eru tækifæri í því þegar maður er að byrja eitthvað alveg frá grunni eins og þeir eru að gera, að hugsa hlutina frá grunni og skipuleggja sig. Það gæti komið eitthvað skemmtilegt út úr því.“ ■



Valgeir hefur starfað í auglýsingabransanum í áratugi.
MYND/GVA

AUGLÝSINGASTOFUKAPALL, ÞROTABÚ OG ENDURLÍFGANIR

Ófáar auglýsingastofur róa nú lífróður í ljósi þess að allflest fyrirtæki eru að draga saman seglin. Valgeir Guðmundur Magnússon, stjórnarformaður PIPAR/TBWA, segist brattur og vitneskjan um tímabundna kreppu setji annan tón en í síðustu fjármálakreppu.

vfs.is

M18

EITT RAFHLÖÐUKERFI
YFIR 165 VERKFÆRI

Milwaukee® ALVÖÖRU VERKFÆRI

—
**VERKFÆRA
SALAN**
▼

VERKFÆRASALAN • SÍÐUMÚLA 9, REYKJAVÍK • DALSHRAUNI 13, HAFNARFIRÐI • DALSBRAUT 1, AKUREYRI • S: 560 8888 • vfs.is

Stundum missi ég mig í nördaskapnum

Bragi Valdimar Skúlason hefur afskaplega gaman af orðum. Hann er einn vinsælasti textasmiður og tónskáld landsins og virðist hafa mun fleiri klukku-tíma í sólarhringnum en við hin.

Erla
Hlynsdóttir
erlahlyns@dv.is



Bragi Valdimar Skúlason er ekki eins og fólk er flest. Sem betur fer. Hann lýsir sér sjálfum sem „skrýtna karlinum með þverslaufuna í sjónvarpinu“. Hann er nú á skjánum alla föstudaga, ásamt Björgu Magnúsdóttur, í þáttunum Kappsmáli á RÚV – með þverslaufuna. Þar leysa keppendur hinar ýmsu þrautir tengdar tungumálinu og í síðasta þætti átti annað liðið til að mynda að giska á hvert eftirfarandi orða væri til í alvörunni: hælbeittir, frunti, ærufauti eða svekill.

„Þetta er í raun leikjapáttur um tungumálið. Grunnhugmyndin er að tungumálið er skemmtilegt og maður á ekki að vera feiminn við að nota það. Það er svo leitt þegar fólk þorir varla að tjá sig á íslensku því það er alltaf verið að leiðrétta það og skamma. Tungumálið er okkar helsta tæki í lífinu og við þurfum að passa upp á það,“ segir Bragi sem býr sjálfur yfir litríkara orðfæri en flestir og leyfir sér jafnvel að sletta þegar vel viðrar.

Stórkostleg eiginkona

Áður sá Bragi um skemmti- og fræðsluþættina Orðbragð, ásamt Brynju Þorgeirsdóttur, og það var þá sem hugmyndin að leikjapætti vaknaði. Aðalstarf hans er hins vegar hjá auglýsingastofunni Brandenburg þar sem hann er meðeig-

andi. Hann er auk þess titlaður texta- og hugmyndasmiður en tekur í raun þátt í öllu sköpunarferlinu eins og tíðkast á auglýsingastofum hér á landi. Brandenburg er ein af fáum auglýsingastofum sem hafa ráðið fólk í miðjum heimsfaraldri og fagnar mikilli velgengi. Hér lætur Bragi þó ekki staðar numið því hann er einnig hluti af fjöllistahópnum Baggalúti, hefur gefið út þrjár barnaplötur, samið texta fyrir fjölda tónlistarmanna og þýtt heil ósköp. Nú síðast var hann að leggja lokahönd á nýja þýðingu leikverksins Taktu lagið, Lóa – sem nú heitir reyndar bara Lóa – og kemur vonandi á fjalir Borgarleikhússins fyrir en seinna. Ef COVID lofar.

Hvernig geturðu eiginlega sinnt svona mörgum verk-efnum?

„Ég er oft spurður að þessu. Galdurinn er að konan mín gerir allt á heimilinu.“ Bragi er augljóslega ekkert að grínast. Hann er giftur Heiðu, Þórdísi Heiðu Kristjánsdóttur, og saman eiga þau þrjár dætur sem eru sjö, tíu og fimmtán ára. „Heiða er stórkostleg,“ segir hann af mikilli innlifun. „Þú ættir eiginlega að taka viðtal við hana. Hún er miklu skemmtilegri en ég.“ Heiða er tónmenntakennari og flakkar almennt milli skóla með skapandi smiðjur en eðli málsins samkvæmt er það heldur torvelt á tímum heimsfaraldurs.

Las líka Ástarbréf til Ara

Fimm ára gamall flutti Bragi með foreldrum sínum til Hnífsdals þar sem pabbi hans

starfaði sem fiskifræðingur og mamma hans starfaði hjá Símanum. „Ég bjó þar þegar vídeóspólurnar mættu á svæðið. Ég tók auðvitað upp áramótaskaupið og horfði síðan á það átta þúsund sinnum. Ég kom helst í borgina til að kaupa þungarokksboli og bætur á gallajakka. Þungarokkið yfirtók unglingamenn-inguna á Íslandi árin 1989 til 1991 og ég varð fyrir barðinu á því. Ég fór á tónleika Whitesnake í Reiðhöllinni og var mættur fremst í Laugardalshöllina þegar Iron Maiden hélt tónleika þar. Ég var svolítið í rokki og róli en það jafnaði sig.“

Og þá fyrstu yfir í kántríð.

„Já, kántrí og Barböru Streisand,“ segir Bragi sem hefur allt annað en fyrir-sjáanlegan smekk og hlustaði á uppáhaldsbarnaplötuna sína, Hrekkjusvínin, langt fram á fullorðinsaldur.


Ólíkt því sem einhverjir kynnu að halda lá Bragi ekki yfir forníslenskum ritum sem barn heldur las Ástarbréf til Ara eins og aðrir unglingar. Honum fannst þó bækurnar um Frank og Jóa öllu skemmtilegri og fór seinna að lesa bækur eftir Alistair MacLean. „Það er líka gott að lesa það sem manni finnst ekki endilega skemmtilegt. Þú ert þá að neyta textans, myndar þér smekk og greinir hvað er gott og hvað er slæmt. Fólk ratar alltaf á endanum á góða stöfðið.“

Giftu sig í Vegas

Fjölskylda Braga flutti til

Bragi hefur afar fjölbreyttan tónlistar-smekk. Sem unglingur hlustaði hann á Metallica og Iron Maiden, áður en hann færði sig yfir í kántrí og Barböru Streisand.

MYND/VALLI



Reykjavíkur skömmu áður en hann byrjaði í Menntaskólanum við Hamrahlíð. Þar kynntist hann mörgum af sínum bestu vinum enn í dag, og þar kynntust líka þau Heiða. „Við vorum saman í Hamrahlíðarkórnum, þeirri góðu hjónabandsmiðlun. Við fórum ekki að vera saman fyrr en seinna, áttum marga sameiginlega vini, og erum nú gift með þrjár stelpur.“

Heiða og Bragi höfðu verið saman í yfir áratug þegar þau gengu í formlegt hjónaband þar sem enginn annar en Elvis Presley vígði hjónin, eða allavega staðgengill hans. „Já, við fórum til Vegas þar sem Elvis var ræstur út.“ Giftingin fór fram 7. september 2013 – sjö, níu, þrettán – og skelltu þau sér til Bandaríkjanna ásamt vinapari sem gekk í hjónaband á sama tíma. „Ég get ekki sagt að þetta sé endilega dæmigert fyrir okkur. Við erum almennt róleg í tíðinni en temmilega spontant.“

Bragi segir fjölskylduna sannarlega vera sér innblást-

ur – sem dæmi hafi dæturnar allar fengið sína barnaplötu sem hann gerði með Memfis-máfíunni. „Sú elsta fékk Gilligill, miðjan fékk Diskóeyjuna og sú yngsta fékk Karnivalíu. Nú bíð ég bara eftir barnabörnunum til að gera nýja barnaplötu. Þó þessar plötur hafi verið hugsaðar sem barnaplötur var þetta ekki endilega sérstök barnatónlist. Ég veit í raun ekki einu sinni hvað það er. Barnatónlist á ekki að vera öðruvísi en önnur tónlist. Þarna var mikill metnaður á ferð og frábærir tónlistarmenn sem koma við sögu. Það þarf að vera gleði og við þurfum að smita henni áfram. Hættum að smita COVID og smitum fólk frekar af gleði.“

Allir komnir á Youtube

Hann segir þau hjónin vissulega halda íslensku að dætrunum en að þau séu ekkert að fara yfir beygingarfræði við matarborðið. „Við leggjum áherslu á að þær séu að lesa. Ég held að lesturinn sé



alltaf grunnurinn að því að ná tengslum við tungumálið. Síðan erum við líka dugleg að tala við þær," segir hann og hlær. „Þær hafa gott af því að heyra í pabba með öll skrátnu orðin sín," segir Bragi með sínum hægláta og sjarmerandi talanda.

Heimurinn hefur gjörbreyst á fáum árum þegar kemur að aðgengi barna og ungmenna að afþreyingu á ensku. „Nú eru bara allir á YouTube. Áreitið í kring um krakkana er svo svakalegt. Ef við ætlum að halda í þetta tungumál okkar þurfa þau að lesa. Það hjálpar líka til að hafa aðgang að talsettu barnaefni eða með texta. Hér hefur lengi vel verið mjög mikill metnaður lagður í talsetningu og það væri synd ef það myndi glatast. Nú eru að koma inn á markaðinn nýjar efnisveitur og það er fátíðlegt að bjóða ekki upp á þetta talsetta efni sem við eigum. Tölvuleikir eru líka algjörlega óþýtt svæði. Þeir hafa fyrir löngu tekið fram úr kvikmyndaheiminum þegar

kemur að umfangi. Við sitjum ekkert ein í súpunni. Það deyja út tungumál á hverju ári. Við Íslendingar erum samt merki-lega þrjósk.“

Bragi tekur smá kúnstpásu en kemur síðan með játningu. „Ég brjálaðist á netinu um daginn. Hvatti fólk til að fara inn á netspjallið hjá Mikka mús og taka tryllinginn yfir því að það sé ekkert efni á íslensku á Disney plús," segir hann en aðgangur að Disney+ var opnaður á Íslandi í síðasta mánuði. „Það er eins og þeir sem vinna hjá þessum veitum geri ekki ráð fyrir að við eigum okkar eigin tungumál. Netflix lætur sér til að mynda nægja að setja inn danskan texta fyrir okkur," segir Bragi sem áfram hvetur fólk til að láta í sér heyra vegna þessa.

Spennur fyrir samhverfum

Honum finnst hvað skemmtilegast við íslenskuna hversu sérstök hún er. „Þetta er sérkennilegt tungumál. Við eigum mjög furðulega bókstafi. Þetta er ljótt mál áheyrnar

fyrir marga, inniheldur skrátnu hljóð en hefur líka að geyma mikla mýkt. Mér finnst gaman að finna orð sem ég veit ekki hvað þýða, grúska í orðabókum og finna eitt-hvað skemmtilegt. Við eigum ógrynna af ónotuðum orðum. Daglegur orðaforði er afskaplega takmarkaður.“

Bragi er með BA-gráðu í íslensku frá Háskóla Íslands en það var sannarlega ekki fyrirfram ákveðið að hann myndi vinna með tungumálið jafn mikið og raun ber vitni. „Eins og fólk hefur kannski tekið eftir finnst mér mjög gaman að orðum. Ég hef gaman af skrátnum hlutum eins og bragfræði, furðulegum orðum og samsetningu orða. Samhverfur er ein veilan. Orð sem hægt er að lesa bæði fram og til baka. Ég fékk þær alveg á heilann á tímabili.“ Að því sögðu kemur það kannski á óvart að íslenska hafi ekki orðið strax fyrir valinu en Bragi skráði sig í undirbúningsnám fyrir læknadeildina og marði þar nokkra mánuði

„*Barnatónlist á ekki að vera öðruvísi en önnur tónlist.*“

en fann lítið sem ekkert af samhverfum. Fruman eða The Cell ku vera bókin sem endaði hugmyndir Braga um að verða dr. Bragi. Í stað þess að bæta líkamlega heilsu landsmanna hefur hann lagt sitt af mörkuðum við að upphefja geðheilsu og orðaforða samlanda sinna.

Hann segist aðspurður í raun ekki eiga neitt upphalds orð en er tilbúinn til

að nefna orð dagsins, samhverfuna tillit. „Ég hef alltaf verið mjög hrifinn af útlitinu og eðli orðsins tillit. Þetta er ein fyrsta samhverfan sem ég stoppaði við í bók og hugsaði með mér: Þetta er andskoti gott orð! Merkingin er líka góð. Að taka tillit er falleg hugsun. Tillit lítur líka vel út á prenti. Þetta eru langir stafir og orðið lítur svolítið út eins

og strikamerki. Tillit er orð dagsins. Síðan verð ég kominn með annað orð á morgun.“

Knáir epalhommar

Auglýsingastofan Brandenburg er til húsa á Lækjartorgi en flytur á næstu vikum í Grósku – hugmyndahús í Vatnsmýrinni. Húsinu er ætlað að vera suðupottur nýsköpunar og samstarfs háskóla og atvinnulífs. Hönnunarmiðstöð Íslands, CCP og Nýsköpunarsetur eru meðal þeirra sem þarna verða til húsa, ásamt hinum ýmsu sprotafyrirtækjum. „Og síðan verður þarna ein auglýsingastofa. Þarna verður líka World Class – nýja stöðin sem mátti ekki opna um daginn.“

Bragi var upphaflega ráðinn inn á auglýsingastofuna Fíton árið 2005 þar sem hann starfaði við textagerð. Þeir fóru síðan nokkrir út úr Fíton og stofnuðu sína eigin stofu – Brandenburg – árið 2012. „Þetta er magnaður bransi. Maður er aldrei að gera það sama og alltaf krafa um að gera eitthvað skemmtilegt og öðruvísi.“

Hann segist almennt stoltur af þeim verkefnum sem stofan sinni hverju sinni. „Mér finnst skemmtilegast að vinna að stórum verkefnum og herferðum sem vekja mikla athygli. Við höfum gert margar herferðir fyrir Krabbameinsfélagið sem ég er mjög ánægður með. Mottumars hefur tekist mjög vel síðustu ár. Sopranos-herferðin fyrir Sorpu var vel heppnuð og vakti mikla athygli. Við gerðum líka skemmtilega auglýsingu fyrir Epal sem var eins konar skyndiverkefni. Orðið epalhommi kom þá upp í samfélagsumræðunni og við gripum þetta á lofti. Ég hringdi þá í Ara Magg ljósmyndara og svo nokkra knáa epalhomma á borð við Bergþór Pálsson, og við skelltum í auglýsingu fyrir Epal. Það er mjög gaman þegar hugmynd kviknar, hún er útfærð og auglýsingin er komin út um allt. Þetta var til dæmis bara þriggja daga prósess.“

Verkefni Brandenburg hafa síðustu mánuði að hluta litast af því sérstaka samfélagsástandi sem ríkir. Í sumar stóð yfir herferð sem miðaði að því að hvetja fólk til að ferðast innanlands og nýlega hófst herferð þar sem fólk er hvatt til að velja íslenskt undir yfirskriftinni Láttu það ganga. „Við höfum tekið þátt í að reyna að peppa mannskapinn. Það hefur ekki verið vanþörf á því.“

Allt botnfrosið

Bragi er formaður STEFs, samtaka um höfundarrétt tónskálda og textahöfunda, og sömuleiðis formaður FTT, félags tónskálda og textahöfunda. Hann segir fólk í þessum samtökum upplifa að það hafi verið skilið eftir í björgunaraðgerðum stjórnvalda vegna áhrifa COVID. „Fólk er orðið mjög örvæntingarfullt. Þau úrræði sem hafa verið



Í heimsfaraldrinum hefur Bragi verið „að dunda sér“ við að semja lög við ljóð Káins.

MYND/VALLI

Ég brjálaðist á netinu um daginn. Hvatti fólk til að fara inn á netspjallið hjá Mikka mús og taka tryllinginn yfir því að það sé ekkert efni á íslensku á Disney plús.

kynnt grípa ekki þetta fólk. Það kemur skýrt í ljós núna að það er ekkert net sem grípur fólk í þessari tegund starfa. Hér erum við ekki bara að tala um tónlistarfólk heldur líka sjálfstætt starfandi listamenn og sviðslistafólk.“

Hann segir þessa endalaus bið og óvissu taka á. „Sumir eru búnir að vera tekjulausir í tíu mánuði. Það er búið að auka við styrktarfé á ýmsum sviðum sem og listamanna-

laun. Þetta er hins vegar ekki sú innspýting sem gagnast þessum hópi. Eðli málsins samkvæmt eru tónlistarmenn og sviðslistafólk bara heima núna þegar það má ekki koma fram. Fólk er ekki einu sinni að syngja í afmælum og fermingum. Stjórnvöld hafa lofað aðgerðum sem eiga einnig að gagnast aftur í tímann. Ég hef hins vegar miklar áhyggjur ef ástandið verður svona áfram. Þá er þessi skapandi fram-

komubransi í svokölluðum djúpum skít, vægast sagt.“

Sem formaður þessara samtaka hefur Bragi setið fjölda funda síðustu mánuði og upplifað örvæntingu fólks á eigin skinni. „Það er bara allt botnfrosið. Það er líka sorglegt því þetta er það fólk sem er fyrst til að stökkva til þegar þarf að hjálpa öðrum og halda styrktartónleika. Í sumar var komin smá bjartsýni í mannskapinn og margir ferðuðust um landið

og héldu tónleika. Ýmsir náðu jafnvel tveimur góðum mánuðum. Í september var síðan farið af stað með miðasölu á þessa hefðbundnu jólatónleika og þá bankar þriðja bylgja COVID upp á. Desember er risavaxinn mánuður og ég hef ekki tölu á öllum þeim jólatónleikum sem eru haldnir árlega. Þá eru ótaldar allar kirkjuathafnirnar sem tónlistarfólk tekur þátt í. Fólk vill halda í gleðina á jölunum og það er hart að þagga það niður.“

Grúskar í gömlum ljóðum

Mögulegar takmarkanir á tónleikahaldi fyrir jólin snerta Braga beint sem meðlim Baggalúts. „Við höfum verið með átján jólatónleika árlega síðustu ár. Þetta er hins vegar stærra en hljómsveitin því það er heilt hagkerfi sem myndast í kringum stóra tónleikaröð. Það eru hátt í fjörutíu manns sem hafa unnið að tónleikunum okkar í desember. Síðan er það starfsfólk í miðasölu, Háskólabíói, Tix, veitingasala í tengslum við tónleika. Umfang tónleikahalds á Íslandi er vel rannsakað og senan hefur blásið út síðustu ár. Við eigum líka frábært tónlistarfólk sem hefur verið að gera það gott á erlendri grundu, svo sem Of Monsters and Men, Kaleo, Ólafur Arnalds og Björk. Allt þetta fólk er núna bara heima hjá sér.“

Af Baggalúti er það annars helst að fréttu að sveitin er að gefa út plötu með lögum við texta vestur-íslenska skáldsins Káins. „Káinn dó árið 1936 þannig að þetta er kannski ekki mest hipp og kúl. Ég komst í ljóðasafnið hans og byrjaði að búa til lög við þau. Mér finnst virkilega gaman að grúska í svona gömlum ljóðum og stundum gjörsamlega missi ég mig í nördaskapnum. Káinn bjó í Norður-Dakóta, starfaði sem vinnumaður og var sagður svolítið blautur. Ævisagan hans, eftir Jón Hjalta-son, er einmitt að koma út í haust, þannig að það er algert Káinæði í uppsiglingu. Oft eru þessi gömlu ljóð frekar stírd en ljóð Káins eru alþýðleg. Hann hefur verið kallaður grínskáld en ljóðin voru líka gjarnan melankólísk. En þetta er svona það sem ég hef verið að dunda mér við í heimsfaraldrinum.“

Bragi segir að sér hafi tekist að raða lífi sínu þannig niður að hann fái tækifæri til að gera skemmtilega hluti. „Stundum verður maður þreyttur á atinu en ég hef gaman af því að hafa mikið að gera. Ég fann snemma að það átti ekki við mig að hjakka í sama hjólfarinu og vil vinna við skapandi hluti. Ég vil líka sýna stelpunum mínum að það er hægt að framkvæma skrátna og skemmtilega hluti. Yfirleitt er bara aðeins hægt að draga andann og sjá að maður getur gert það sem maður vill við lífið. Ég bara vona að þessi vetur verði ekki eitthvert helvítis fokking fokk.“ ■

Múrarar, flúrarar, ferðalangar þurfa flísteppi, úlpu og vettlingapar.

Brandenburg | sía

Þegar þú velur íslenska vöru eða þjónustu skilar það sér aftur til þín. Þú styður við íslenskan iðnað, verslun, framleiðslu og hugvit. Þannig skapast verðmæti og störf, samfélaginu okkar til góða.

Kynntu þér málið á gjoridsvovel.is.

ÍSLENSKT

LÁTTU ÞAÐ GANGA

Heimir
Hannesson
heimir@dv.is



Síðan í ársbyrjun 2018 hafa 219 konur leitað til fæðingarorlofssjóðs vegna umsóknar um atvinnuleysisbætur eftir að hafa verið sagt upp vinnu sinni samhliða töku fæðingarorlofs. Uppsagnir á barnshafandi konum eða konum í fæðingarorlofi hafa verið bannaðar með lögum síðan 1987, um hálfri öld eftir að sambærilegt bann var sett á í Svíþjóð. Með lögum um fæðingar- og foreldraorlof árið 2000 var þessi réttur tryggður báðum foreldrum.

Sigrún Ingibjörg Gísladóttir, lögmaður á lögmannsstofunni Rétti, segir að lögin tryggi rétt foreldra í orlofi, en þó megi segja þeim upp af öðrum ástæðum. „Það er því ekki þannig að algjört bann sé lagt við að segja manneskju upp sem ýmist á von á barni eða er í fæðingarorlofi.“ Sigrún segir þó að sönnunarbyrðin sé hjá fyrirtækinu þegar uppsögn á sér stað undir þessum kringumstæðum. „Fyrirtækið þarf að sýna fram á að uppsögn sé vissulega af öðrum ástæðum en töku eða fyrirhugaðri töku fæðingarorlofs. Ef fyrirtæki til dæmis fara á hausinn, er auðvelt að ímynda sér að „réttlætning“ uppsagnar sé til staðar. Í öðrum tilfellum getur það reynst fyrirtækjum erfitt að sýna fram á réttmæta ástæðu uppsagnar og geta starfsmenn í þeim tilfellum átt rétt á bótum.

Dæmi ólöglegar tilfærslur

„Ef þér er sagt upp almennt, og uppsögnin reynist svo ólögmat getur þú átt rétt á bótum,“ segir Sigrún en lögin taka ekki á upphæð bótanna. „Það er misjafnt hvernig bæturnar eru reiknaðar. Þetta geta verið miskabætur, eða bætur vegna tjóns.“ Lögin, að sögn Sigrúnar, ganga út á það að einstaklingur eigi að geta farið í fæðingarorlof og komið til baka í sitt sama starf, eða sambærilegt starf. „Auðvitað er hugsanlegt að það geti komið upp réttmæt- ar ástæður fyrir því að einstaklingur fái ekki nákvæmlega sama starf og fyrir töku fæðingarorlofs, en starfið verður þá að minnsta kosti að vera sambærilegt.“ Sigrún segir að hún þekki dæmi þess að vinnuveitendur sinni þessari skyldu sinni ekki. Bóta- fjárhæðir taki gjarnan mið af þessu, enda getur reynst þrautin þyngri fyrir konu að finna vinnu með nýfætt barn. „Þetta er einmitt það sem lögin eiga að koma í veg fyrir, að foreldrar séu settir í þá stöðu,“ segir Sigrún.

Dagvistunarvandi kallar á sveigjanleika

„Það eru þessi mál sem eru á mjög gráu svæði og við erum að sjá of mikið af. Um þau eru samt til fordæmi sem gefa það skýrt til kynna að þetta megi



Sigrún Ingibjörg Gísladóttir hjá lögmannsstofunni Rétti.

MYND/ADSEND

219 MÆÐRUM SAGT UPP Í MIÐJU FÆÐINGARORLOFI

Algengt er að einstaklingar standi uppi atvinnulausir eftir töku fæðingarorlofs þrátt fyrir ólögmati. Lögmaður segir lögin skýr um þessi mál, en að úrræði sem standi almenningi til boða séu vannýtt.

„Jafnréttislögin eru ekki fullkomin á mörgum sviðum, en á þessu tiltekna sviði eru þau mjög góð.“

ekki,“ segir hún jafnframt. Sigrún bendir á tvennt í þessu samhengi. Fyrst er að réttarvernd þessara laga hefst við tilkynningu um fyrirhugaða töku fæðingarorlofs. Þannig lúta uppsagnir eða tilfærslur í starfi, sem koma til eftir að sú tilkynning berst, jafn-

réttislögum og lögum um fæðingarorlof. Hitt er að lögin taka ekki bara á uppsögnum. Þannig hefur Úrskurðarnefnd jafnréttismála fjallað um og bent á að fyrirtæki eigi að sýna sveigjanleika og að skylda hvíli á vinnuveitanda um að reyna að koma til móts

við foreldra er þeir reyna að samræma vinnuskyldu og breyttar aðstæður á heimili vegna nýrra fjölskyldumeðlima.

Sem dæmi nefnir Sigrún foreldra sem lenda í vand- ræðum með dagvistun og vilja koma til baka í hluta- starf. Undir þeim kringum- stæðum gæti hvílt skylda á vinnuveitanda til að verða við þeirri ósk að fullu eða að hluta. „Við þekkjum þess dæmi að konum sé mætt með algjörum ósveigjanleika hjá vinnuveitanda sínum eða að konunum sé til dæmis sagt að þegar þær snúa til baka þá verði þær að vera í 100 pró- sent starfi, í 8-4 vinnu. Þessi skilyrði gætu virkað sem hlut- laus skilyrði vinnuveitenda sem starfsmaður verður að sætta sig við, en geta falið í sér ólögmeta óbeina mis- munun,“ segir Sigrún.

Vannýtt úrræði foreldra

Aðspurð um hvernig og hvert fólk ætti að snúa sér í þessari ímynduðu stöðu svarar Sig- rún að Úrskurðarnefnd jafn- réttismála sé vannýtt úrræði

að hennar mati. „Úrskurðar- nefndin er bindandi og úrræði sem einstaklingar mættu nota meira í þessari stöðu. Jafn- réttislögin eru ekki fullkomin á mörgum sviðum, en á þessu tiltekna sviði eru þau mjög góð. Úrskurðir nefndarinnar eru bindandi sem þýðir að dómsúrskurð þarf til þess að hnekkja þeim.“ Þá bendir hún á að nefndin geti gert vinnuveitanda skylt að greiða kostnað lögmanns vegna mála sem til meðferðar eru hjá nefndinni og að hún fjalli um málin „heildstætt“ og út frá lagalegum skyldum vinnuveit- enda til þess að aðstoða fólk á barneignaraldri í gegnum þá flóknu tíma í sínu lífi.

„Við vitum auðvitað öll að þetta er bara dæmi sem gengur ekki alltaf upp, hve- nær orlofi lýkur og dagvistun tekur við og sömuleiðis eftir það, hvenær dagvistun hefst eða klárast á daginn út frá vinnuskylda foreldra. Það er í raun ógerningur að láta dæmið ganga upp nema allir gefi eitthvað eftir og sýni sveigjanleika,“ segir Sigrún að lokum. ■



Við tjónaskoðum bílinn þinn **þér að** **kostnaðarlausu** á meðan þú bíður



Bílastjarnan
SPRAUTUN RÉTTINGAR



MYND/ADSEND

HEIÐA BJÖRG HILMISDÓTTIR

Heiða segir að stóra málið næstu tólf mánuðina sé að standa vörð um þjóðina í gegnum COVID-19.

„Stóra vekefnið fram undan er að standa vörð um heilbrigði og líf skjör fólks í gegnum COVID-faraldurinn og kreppuna sem honum fylgir. Við þurfum að tryggja að kreppan leiði ekki til aukins ójöfnuðar eða misskiptingar í samfélaginu eða bakslags í mannréttindum.

Þó óvissan sé mikil þá er stefna Samfylkingarinnar skýr. Við viljum að Ísland sé velferðarríki þar sem allir hafa jöfn tækifæri óháð efnahag, kyni, uppruna, aldri, stétt og stöðu.

Það þarf að ráðast í róttækar aðgerðir til að sporna við hamfarahlýnun og mengun.

Í uppbyggingu efnahagslífsins þarf að vera áhersla á græna atvinnusköpun og að flýta stórum framkvæmdum og fjárfestingar fyrir sjálfbæra ferðapjónustu. Við þurfum fjölbreytt atvinnuskapandi verkefni sem varða veginn til framtíðar um leið og við upprætum svik á vinnumarkaði og tryggjum launajafnrétti og tækifæri fyrir alla til að láta til sín taka.

Eins sjáum við að það mæðir sérstaklega mikið á velferðarkerfinu og við þurfum að stórefla bæði heilbrigðis- og félagslega hlutann til að vera í stakk búin til að aðstoða þá sem á því þurfa að halda. Mörg okkar eru að ganga í gegnum mjög erfiða tíma, einmanaleika, heimilisleysi, atvinnumissi, tekjufall, heimilisofbeldi, flosna upp úr námi og svo framvegis. Okkar sameiginlega samhljálpi á að umfaðma alla sem þurfa á stuðningi að halda í gegnum þennan erfiða tíma, með fjölbreyttum og einstaklingsmiðuðum hætti.“

„Mínir helstu kostir eru að ég hef gífurlegan áhuga á samfélaginu og brenn fyrir því að gera það betra og réttlátara fyrir okkur öll. Það er mikilvægt fyrir mig sem manneskju að finna ég ná árangri, þannig fæ ég drifkraft til að halda áfram og ég tel mig vera á réttum stað hvað það varðar.

Almennt er ég skipulögð og hef vilja til að leita allra leiða til að skilja ólík sjónarhorn og hef lært að það kemur manni vel í pólitík. Mér finnst gaman að takast á við ólíkar skoðanir, ræða saman og komast að niðurstöðu sem hópur.

Hins vegar hvað galla varðar hef ég oft mikinn áhuga á mörgum hlutum og því fljótt að hlaðast á dagskrána og þá þarf að skera niður sem getur verið flókið.“

„Ég hef verið varaformaður í þrjú ár og Samfylkingarfolk þekkir mín störf. Mikil eindrægni og samstaða hefur ríkt í flokksstarfinu og saman höfum við á þessum tíma endurreist flokkinn, nánast frá grunni, bæði hvað varðar innra starf og fylgi kjósenda. Öll finnum við að Samfylkingin er á réttri leið. Þá tel ég það skipta máli að í forystu flokksins sé ákveðin breidd.

KAPPRÆÐUR VARAFOR- MANNSEFNA

Heiða Björg Hilmisdóttir, varaformaður Samfylkingarinnar, og Helga Vala Helgadóttir þingmaður hafa báðar gefið kost á sér í sæti varaformanns Samfylkingarinnar. Báðar eru þær gífurlega öflugar stjórnmálakonur og ljóst að varaformannsstóladansinn verður fjörugur. Eyjan sló á þráðinn til þeirra og bað þær að svara þremur spurningum:

1

Hver eru stóru málin næstu 12 mánuðina og hvaða stefnu viltu sjá Samfylkinguna taka í þeim?

2

Hverjir eru þínir helstu kostir og gallar?

3

Hvers vegna ættu félagsmenn að kjósa þig fremur en mótherja þinn?

Ég hef mikla þekkingu á sveitarstjórnarstiginu sem borgarfulltrúi og varaformaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, en stór hluti kjörinna fulltrúa Samfylkingarinnar starfar einmitt á þeim vettvangi. Síðast, en ekki síst, stend ég auðvitað fyrir þeim mál-efnum sem hafa verið drifkraftur í öllu mínu stjórnmálastarfi – kvenfrelsi, velferð og að samfélagið sé sannarlega fyrir okkur öll. Þær áherslur þurfa að mínu mati að hafa sterka rödd í forystu Samfylkingarinnar.“



MYND/ANTON BRINK

HELGA VALA HELGADÓTTIR

Helga Vala segir að stóra málið næstu tólf mánuðina sé að skapa störf og tryggja velferð þjóðar.

„Stóru málin næstu tólf mánuði eru að skapa störf um allt land og tryggja velferð almennings. Stjórnarflokkarnir hafa því miður ekki haft nægan kjark og skapandi hugmyndir til að koma fram með skýra stefnu í þeim efnum og því sjást fá bein störf í þeirra tillögum.

Við í Samfylkingunni kynntum í síðustu viku „Ábyrgu leiðina“ sem setur áherslu á vinnu, velferð og græna uppbyggingu. Atvinnuleysiskreppan má ekki vara lengi og því verður að hugsa stórt og leggja línur strax. Það eru fjölmörg tækifæri í þessari stöðu til að skapa störf, hvort tveggja hjá hinu opinbera sem og einkageiranum en til þess þarf hugrekki og skapandi hugsun. Mæli eindregið með að fólk kynni sér tillögur okkar því plássið hér býður ekki upp á ítarlegri umfjöllun.“

„Mínir helstu kostir eru réttisýni, dugnaður og hugrekki. Ég er óhrædd við að taka slaginn þar sem það þarf, er eldheit baráttukona fyrir hvers kyns réttlæti og jöfnuði og svo er ég tilfinningabúnt sem ég held að sé bara ágætis kostur í pólitíkinni. Það er alltof algengt að fólk verði flatt og vélrænt í þessu starfi og ég vona að það muni ekki henda mig. Þetta eru líkast til einnig gallar mínir, a.m.k. fyrir andstæðinga mína í pólitík.“

„Kosningaveturinn er hafinn og fram undan eru gríðarlega mikilvægar alþingiskosningar sem Samfylkingin ætlar sér að stóra hluti í. Ég gef flokksystkinum mínum val með framboði mínu. Þau fá með því að velja þann persónuleika sem þau telja gagnast Samfylkingunni best í forystunni á næstu misserum. Það er alltof algengt að fólk blandi persónulegum tilfinningum sínum inn í svona stólaaval en ég lít alls ekki svo á.

Að starfa í stjórnmálum er hópverkefni þar sem við skiptumst á eftir því hver verkefnin eru og hver mót-herjinn er. Ég hef áður sinnt málefna- og bakað vöffur og hellt upp á kaffi, hringt í kjósendur í aðdraganda kosninga og borið út rósir og bæklinga. Núna er ég í þeirri stöðu að vera á sviðinu, úti á vellinum, og býð fram krafta mína í forystu flokksins til að láta heyrast betur í okkur í Samfylkingunni um allt land, hvort sem er í fjölmiðlum eða á fundum.

Það þarf kraft í þessa vinnu sem og áhuga á því sem er að gerast hjá fólki um allt land. Aðildarfélagin þurfa að vera öflugri til að bera út okkar áherslur á kosningavetri og þar getur forystan lagt ríka hönd á plóg til að styðja við þau.

Ég hef baráttugleðina fyrir komandi kosningar sem ég held að verði ótrúlega spennandi og skemmtilegar. Það er lykilatriði í mínum huga fyrir almenning í landinu að hugsjónin um jöfnuð og jöfn tækifæri allra, sem við í Samfylkingunni berjumst fyrir, verði ráðandi í stjórnar-ráðinu og verði miðlað þaðan út um allt samfélagið.“



www.one.is · one@one.is
sími: 660 8551 · fax: 588 1057



Vilt þú koma skjalamálunum í lag?

One RECORDS Mála- og skjalakerfi

OneRecords er öflug lausn sem auðveldar fyrirtækjum og sveitarfélögum halda utan um mál sem eru í gangi á hverjum tíma.

Stjórnendur hafa yfirsýn yfir gang mála innan fyrirtækisins og notendur geta á einfaldan máta sótt lista yfir þau mál sem þeir bera ábyrgð á.

One QUALITY



MoReq2

Próunarstefna OneSystems styður Moreq2, kröfur evrópulanda um gagnsæi, rekjaleika og öryggi.

One PORTAL Self-Service



Gæða-
stjórnun á
stóran þátt í góðum
árangri fyrirtækja.

OneQuality er lausn sem
auðveldar allt vinnferli við útgáfu og
utanumhald gæðahand- bókar og
skjala.

OnePortal er
vefgátt sem gerir
fyrirtækjum og sveitar-
félögum kleift að veita íbúum
þjónustu allan sólahringinn, allt
árið um kring. Rafræni innri ferlar
eru tengdir við þjónustugátt fyrir íbúa
eða viðskiptavini, þar sem þeir
geta afgreitt sig sjálfa á
sjálfvirkan máta með
innsendingu
umsókna og
erinda á
vef.



Hagkvæmar lausnir með áherslu á rekjanleika, auðveldan aðgang og gagnsæi.



OneSystems bjóða heildarlausn
í skjalamálum fyrirtækja og sveitarfélaga
og þjónustu við viðskiptavini og íbúa þeirra

One SYSTEMS
www.one.is

OneSystems - sími: 660 8551 | fax: 588 1057 | www.one.is | one@one.is

SKOÐANAPISTILL

Á ÞINGPÖLLUM

Björn Jón
Bragason

eyjan@eyjan.is



Kreppan sem kennd er við kórónaveiruna hefur valdið slíkum búsigjum í ýmsum greinum atvinnulífsins að eigið fé fyrir-tækja hefur jafnvel þurrkast upp. Stjórnvöld hafa gripið til margvíslegra ráðstafana svo fyrirtækin komist yfir þennan hjalla en óvíst er hvort þær dugi til. Þetta leiðir aftur hugann að því hvernig hægt væri að standa með myndarlegum hætti að fjárfestingu til framtíðar, sér í lagi í ferðaþjónustunni. Viða eru til staðar afburðahæfir stjórnendur sem byggt hafa upp myndarleg fyrirtæki en þau þurfa á innspýtingu að halda.


Eftir bankahrunið lentu mörg stærstu fyrirtæki landsins í alvarlegum vanda og þá komu upp hugmyndir þess efnis að ríkissjóður stofnaði stóran fjárfestingasjóð. Alþingi veitti heimild fyrir slíkum sjóði en sem betur fer kom ekki til stofnunar hans enda hefði það mögulega getað haft í för með sér meiri ríkisforsjá í atvinnulífi en þekkist í lýðræðisríkjum.

Framtakssjóðurinn verður til Þess í stað komu 16 lífeyris-sjóðir sér saman um það síðla árs 2009 að stofna Framtakssjóð Íslands en síðar bættust VÍS og Landsbankinn í hóp eigenda. Sjóðnum var ætlað að vinna að fjárhagslegri og rekstrarlegri endurskipulagningu íslensks atvinnulífs í kjölfar fjármálahrun-sins — en ekki síður að skila góðri ávöxtun til eigenda. Alls hagnaðist sjóðurinn um 47,7 milljarða króna af 43,4 milljarða fjárfestingu sinni. Stofnun og starfræksla sjóðsins var fjármálamarkaðnum til mikillar blessunar, félög voru leyst úr viðjum banka og nýtt hlutafé varð félögunum aflvaki til sóknar.

Ýmsir ráðamenn stigu fram og töldu stofnun Framtakssjóðsins hið versta óráð og ekki skorti gagnrýni stjórn-málamanna á fjárfestingar-stefnu sjóðsins. Jafnt stjórn sem stjórnarandstaða á Alþingi sameinuðust til að mynda í fordæmingu á sjóðnum fyrir að neita að fjárfesta í álkaplaverksmiðju á Seyðisfirði svo dæmi sé tekið. Afar hæpið má teljast að jafngóð ávöxtun hefði náðst ef pólitísk sjónarmið hefðu ráðið för um fjárfestingar sjóðsins.

Þörf á nýjum framtakssjóði

Við núverandi aðstæður í efnahagslífinu kæmi sér vel ef stofnaður yrði sjóður sem einbeitti sér um hrið að fjárfestingu í þeim fyrirtækjum sem eiga í vanda. Markmið sjóðsins yrði ekki að gleypa félög heldur leggja þeim til



Koma þarf hreyfingu á sparifé landsmanna. Í því efni eru ýmsar leiðir færar.

MYND/STEFÁN

FÉLAG MEÐ 200 MILLJARÐA FJÁRFESTINGARGETU

Í leiðum út úr kreppunni þarf að hugsa stórt og hugsa til framtíðar. Rétt að taka á nýjan leik upp skattaafslátt vegna hlutabréfakaupa.

„Því má velta upp hvort ríkisvaldið geti yfirhöfuð staðið eitt í þeim innviðafjárfestingum sem við blasa.“

nýtt hlutafé, þannig að hreyfing kæmist á hlutina um leið og farsóttinni linnir.

Þetta leiðir aftur hugann að því hvort ekki mætti hugsa sér stórt fjárfestingafélag, með jafnvel 200 milljarða króna fjárfestingargetu. Raunar mætti einnig velta því fyrir sér hvort ekki væri ráð að nýtt fjárfestingafélag af þessu tagi yrði skráð á markað í Kauphöllinni. Hér yrði um að ræða álitlegan fjárfestingarkost fyrir hvers kyns fagfjárfesta, banka, váttryggingafélög, lífeyrissjóði, sjóði í vörslu banka, öfluga einkafjárfesta – og allan almenning.

Almenningur láti til sín taka Eins og nú háttar til eiga einstaklingar og heimili aðeins 4 prósent skráðra hlutabréfa hér á landi. Á hinum Norðurlöndunum er þetta hlutfall miklu hærra. Hrun bankanna 2008 fældi almenning frá fjárfestingum í hlutabréfum.

Verðmæti fyrirtækja í Kauphöllinni hefur vaxið mikið frá hruni og félögum þar fjölgað. Hagur almennings hefur vænkast á undanförunum árum, eignir aukist og skuldir minnkad. Mikil þátttaka almennings í hlutafjárútboði Icelandair endurspeglar aukinn áhuga á fjárfestingum í hlutabréfum.

Þegar hlutabréfamarkaður var byggður upp hér á landi undir lok síðustu aldar var almenningur hvattur til hlutabréfakaupa með skatta-hvötum, en skattaafsláttur vegna hlutabréfakaupa var endanlega afnuminn árið 2002. Á hinum Norðurlöndunum eru við lýði ýmsir skattalegir hvatar til verðbréfafjárfestinga einstaklinga. Í Svíþjóð fá svokallaðir fjárfestingar-sparireikningar sérstaklega hagfellda skattalega meðferð. Rétt væri að horfa til hinna Norðurlandanna í þessu tilliti og hvetja allan almenning til þátttöku í atvinnulífinu með þessum hætti.

Skattaafslætti til hlutabréfakaupa verður ekki komið á nema með lögum frá Alþingi. Ætla mætti að þeir flokkar sem telja sig málsvara atvinnulífsins gætu sameinast um mál af þessu tagi, það væru þá helst Framsóknarflokkur, Miðflokkur, Sjálfstæðisflokkur og Viðreisn.

Fleiri fjárfestingarkostir

En ef við víkjum aftur að hugmyndinni um stórt fjárfestingafélag þá gæti það tekið sér fleira fyrir hendur en fjárfestingu í fyrirtækjum í tímabundnum vanda — það gæti einnig starfrækt sérstakan nýsköpunarsjóð og þá byggt upp sérhæfða þekkingu á því sviði. Sömuleiðis mætti hugsa sér öflugan innviðasjóð sem tæki að sér uppbyggingu brýnna samfélagslegra verkefna á borð við samgöngur og orkumannvirki. Hér á landi er til staðar gríðarleg uppsöfnuð þörf á innviðafjárfestingum og kemur sitthvað til: fjölgun þjóðarinnar, þéttbýlismyndun á suðvesturhorninu og vöxtur í ferðaþjónustu. Sundabraut gæti verið afar áhugaverður kostur í þessu tilliti sem þá yrði fjármagnaður með vegatollum.

Stór hluti fjármagnsins hér á landi er ekki á markaði eða

á forræði einkaaðila — heldur á efnahagsreikningi ríkisins. Raunar eru ýmsar þær eignir hvergi formlega skráðar, til dæmis samgöngumannvirki og veitur.

Því má velta upp hvort ríkisvaldið geti yfir höfuð staðið eitt í þeim innviðafjárfestingum sem við blasa. Með því að fela fjárfestingafélagi á markaði slíkar framkvæmdir kæmist ríkissjóður hjá skuldum á efnahagsreikningi sínum sem síðan hefur áhrif á lánshæfi landsins.

Aukin eignadreifing

Þjóðfélagslegt mikilvægi fjárfestingafélags af þessu tagi gæti orðið gríðarlegt. Öflugt fjárfestingafélag skráð á kauphöll ætti að setja sér það markmið að hafa mikla fjárfestingargetu – þess vegna allt að 200 milljarða sem sannarlega myndi muna um. Með skráningu á markað er frekar tryggt að stjórnendur félagsins nytu lýðræðislegs aðhalds. Almennungur og fagfjárfestar fengju öflugan fjárfestingarkost, létt yrði á skyldum hins opinbera og losað um opinbera forsjá í fjárfestingum og framkvæmdum.

Hugmyndinni er alla vega komið á framfæri ef einhver vill grípa boltann! ■

Afmælishátíð 28. október

Happdrætti vikulega
út október

Taktu þátt og þú gætir unnið
ársbirgðir af fóðri!



Bíldshöfða 9 • Fiskislóð 1 • Smáratorgi 1 • Helluhrauni 16-18 • Baldursnesi 8
Reykjavík Reykjavík Kópavogi Hafnarfirði Akureyri



Fjölskyldan á góðri stundu.
MYNDIR/
AÐSENDAR

BÖRNIN HEIMA Í SJÖ MÁNUÐI OG RÓLUVELLIR INNSIGLAÐIR

Ína Valgerður býr í Bandaríkjunum ásamt fjölskyldu sinni. Takmarkanir þar eru mun meiri en hérlandis en skólar hafa loks verið opnaðir að hluta til aftur. Enn er margoð lokað og aðeins má kaupa eina klósettpappírs-pakkningu í einu.

Þorbjörg
Marínósdóttir
tobba@dv.is



Ína Valgerður Pétursdóttir söngkona fluttist til Bandaríkjanna fyrir þremur árum þegar eiginmaður hennar Þórarinn Árni Bjarnason hóf sérnám í lyflæknisfræði og stundar nú áframhaldandi sérnám í hjartalækningum.

Bandaríkin hafa síðastliðið ár verið land innri átaka en þrátt fyrir það segir Ína að fjölskyldunni líði þar vel. „Ekkert land í heiminum er fullkomið og USA er engin undantekning. Hins vegar höfum við aðlagast vel hér og líðið vel frá fyrsta degi. Við erum búnar að eignast vini frá öllum heimshornum og það að flytja til útlanda stækkar svo sannarlega sjóndeildarhringinn hjá manni. En auð-

vitað erum við að búa hér á sögulegum tímum þetta árið. COVID, Black Lives Matter og Trump er forseti, svo þetta ár er búið að vera svolítið eins og að vera fastur í einhverri bíómynd.“

Fjölskyldan býr í hjarta miðvestursins, Iowa City í Iowa, en hefur varið sumrunum á Íslandi þar til veiran lét til sín taka. „Ég kom síðast heim til Íslands sumarið 2019. Við höfum farið heim á hverju ári og að sama skapi er alltaf gestagangur hjá okkur, en að sjálfsögðu er 2020 undanskilið. Við höfum ekki farið heim til Íslands og ekki fengið gesti á árinu. Nema systur mannsins míns sem er búsett og í námi í Washington DC. Hún kom og var hjá okkur í allt vor og sumar sem hjálpaði mikið við að létta undir á heimilinu. Það var ómetanlegt. Ég og dætur mínar ætluðum að eyða sumrinu á Íslandi með fólkinu okkar en auðvitað varð ekkert úr því, vonandi komumst við til Íslands næsta sumar,“ segir Ína og vísar til þess hversu

erfitt til lengdar það er að vera fastur inni á heimilinu.

Langaði að smúla eiginmanninn

„Það er klárlega erfitt að vera svona mikið fastur heima. Ég hef samt reynt að vera alltaf jákvæð og bara láta þetta allt ganga sem best og reyna að hafa hlutina þannig að við séum öll hamingjusöm saman. Það er í raun það eina sem hægt er að gera í stöðunni. Fyrst var ég líka auðvitað áhyggjufull yfir manninum mínum í vinnunni. Það var skortur á hlífðarbúnaði í byrjun fyrir heilbrigðisstarfsfólk. Mig langaði því helst að smúla hann með garðslöngunni og sótthreinsa hann úti í bílskúrnum þegar hann kom heim af vöktum, en ég gerði það nú auðvitað ekki. En við þurftum að útskýra fyrir stelpunum að þær mættu ekki hlaupa í fangið á honum eins og þær gera vanalega þegar hann kemur heim, engin pabbaknús fyrr en hann væri búinn að fara í sturtu.“

Auka ísskápur og frystir

Ína segist hafa lengi vel aðeins hafa farið út af heimilinu til að versla á tveggja vikna fresti. „Við þurftum að fá okkur auka ísskáp og frysti til þess að koma öllum matnum fyrir. Einu búðirnar sem ég fór í voru búðirnar sem settu strax grímskyldu eins og Costco, Trader Joe's og Target. Það var líka alveg ótrúlega skrítið að fara í búð þessa fyrstu mánuði í ástandinu. Klósettpappír var uppseldur í öllum búðum í margar vikur, einu sinni kom ég í búðina og þá var ekki til neinn kjúklingur, næst kom ég og þá var engin mjólk eða egg. Hillurnar stóðu tómar í stórum stíl, þetta var alveg ótrúlegt ástand.“

Hún segist hafa verið mjög hrædd til að byrja með en með tímanum læri fólk að lifa með ástandinu.

„Núna erum við aðeins slakari, en samt mjög varkár. Við gerum engan óþarfa eins og að fara út að borða. Ég er búin að fara einu sinni í klippingu á þessu ári og hef ekki stigið



Mæðgurnar eru orðnar vanar grímunotkun og kvarta ekki undan því.

fæti inn á snyrtistofu allt árið. Líkamsræktarstöðin okkar var nýlega opnuð aftur síðan henni var lokað um miðjan mars en það eru enn þá miklar takmarkanir.“ Grímuskylða er í líkamsræktinni og fólk þarf að panta tíma vegna fjöldatakmárkanna.

„Við erum komin með róðravél í kjallarann þar sem kaldir mánuðir eru fram undan og lítil útivera svo það verður heilsuræktin okkar næstu mánuði. En það allra, allra erfiðasta við þetta allt er að vera svona langt frá fjölskyldunum okkar og vinum á Íslandi í svona langan tíma. Ég þakka fyrir Facetime og Zoom sem hefur gert þetta bærilegra,“ segir Ína og vísar í samskiptaforritin vinsælu.

Lok, lok og læs

Skólarnir voru opnaðir aftur í lok september eftir að hafa verið lokaðir síðan 13. mars. „Auður Embla, eldri dóttir okkar, var að byrja í 1. bekk núna. Fyrstu þrjár vikurnar í september var hún í heima-skóla (fjarnámi) en núna er búið að færa það yfir í „Hybrid model“ svokallað. Hún fer þá í skólann tvo til þrjá daga í viku og er hina dagana í heima-skóla. Fólk gat valið á milli þess að vera 100% í heimaskóla eða þetta „Hybrid model“. Það er enn þá engin frístund í boði fyrir börnin,“ segir Ína en það gerir það nánast vonlaust fyrir fólk með börn að geta stundað 100% vinnu.

Yngri stúlka hjónanna, Vigdís María, er í leikskóla en lenti í sóttkví strax í byrjun skólaársins í haust þar sem kennarinn hennar greindist með veiruna. „Hún var búin að vera í kennslustofunni með kennaranum alla vikuna á undan. Við fórum því í 14 daga sóttkví, Vigdís var COVID-testuð í lok sóttkvíar og var ekki með COVID. Ekkert af börnunum á deildinni smitaðist sem er nú ansi merkilegt. Það er grímuskylða fyrir starfsmenn á leikskólanum svo kennarinn var með grímu.“

Einn pakki á mann

Veitingastaðir eru opnir, en margir enn þá bara með heim-



Systurnar Auður Embla og Vigdís María.



Fyrsti dagur í 1. bekk hjá Ausu og Vigdís María á leið á fimleikaæfingu



sendingu eða bjóða upp á að fólk sæki mat. „Það er grímuskylða alls staðar enn þá. Og það eru takmarkanir í búðum, maður má til dæmis bara kaupa eina pakkningu af klósettpappír og þessar helstu nauðsynjavörur eru skammtaðar. Rólóvellir eru opnir aftur, en þeir eru merktir „at your own risk“. Það er ekkert sótthreinsað.“

Ína segir þetta þó vera með töluverðum tilslökunum miðað við hvernig ástandið var til að byrja með. „Föstudaginn 13. mars kláraði ég vinnu og sótti stelpurnar í skóla og leikskóla. Helgina eftir var öllu skellt í lás. Skólum, búðum, líkamsrækt, veitingastöðum, hárgreiðslu- og snyrtistofum o.s.frv. Það eina sem var opið voru apótek og matvörubúðir. Rólóvellir voru innsiglaðir og lokaðir og allar almennings sundlaugar voru lokaðar í allt sumar. Og það að vera með orkumikil börn, en allt er lokað og ekkert hægt að fara eða gera, getur verið krefjandi. Inn í þetta allt kom svo „Black Lives Matter“ með mótmælum og útgöngubanni hér í bænum

okkar. Það voru líka mjög stressandi vikur. Við heyrðum mótmælin hingað heim til okkar, mótmælendur fóru út á hraðbrautina I80, eina umferðarmestu hraðbraut Bandaríkjanna, og þurfti því að loka henni nokkur kvöld. Við upplifðum okkur samt aldrei í neinni hættu.“

Börnin með grímu

Stelpunum gengur vel að ganga með grímuna og kvarta ekki að sögn Ínu. „Við þurfum alltaf að vera með grímu hvert sem við förum, sem eru nú ekki margir staðir þar sem við förum lítið. Auður Embla sex ára þarf að vera með grímuna allan daginn í skólanum, nema auðvitað þegar það er hádegismatur. Þær eru byrjaðar aftur í fimleikum og þurfa að vera með grímu þar, ég dáið alveg að þeim, þeim finnst þetta ekkert mál.“

Ína segir að lífið hafi á köflum verið erfitt, stúlkurnar saknað vana sinna og ömmu og afa. „Það að útskýra fyrir fjögurra og sex ára stelpum að við séum ekki að fara í Disney World um páskana að



Systurnar hafa þurft að dunda sér mikið heima við síðustu mánuði.

Það eru takmarkanir í búðum, maður má til dæmis bara kaupa eina pakkningu af klósettpappír og þessar helstu nauðsynjavörur eru skammtaðar.

borða kvöldmat með uppáhalds prinsessunum þeirra út af því að það er vírus, er ekki auðvelt, trúðu mér. Eða að við getum ekki hitt ömmur og afa fyrr en vírusinn er farinn, það er enn þá erfiðara. Sjálfsagðir hlutir eins og að fara á róló, hvernig eiga börn að skilja þetta? Að vera bara alltaf heima með mömmu, alla daga. Þær eru samt bara svo duglegar, þær systur er góðar vinkonur svo það var ómetanlegt fyrir þær að hafa hvor aðra í tæplega sex mánuði sem við vorum heima.

Sumrin hér eru mjög heit svo uppblásna sundlaugin var í notkun alla daga sumarsins frá morgni til kvölds.“

Það reynist eldri stúlkunni erfiðara að geta ekki hitt vini sína þar sem hún er farin að mynda sterk vinasambönd í gegnum skólann. „Við ákváðum samt fljótlega í þessu ástandi að halda áfram að hitta okkar nánustu vini og þar eiga systur góða vini, Möggu og Mása, og hafa þau átt margar góðar stundir í þessu COVID-brjálæði. Við erum lítið samfélag af Íslendingum hér í Iowa City sem hefur orðið ein stór

fjölskylda og erum við dugleg að hittast og eiga saman góðar stundir.“ Þrátt fyrir ástandið ætla hjónin ekki að flýta sér heim. Þórarinn er ánægður í vinnunni og á eftir þrjú ár í sérnámi í hjartalækningum.

Það er ekki hægt að kveðja Ínu án þess að spyrja út í yfirvofandi forsetakosningar. „Við fylgjumst ágætlega vel með pólitíkinni hér, þá sérstaklega maðurinn minn. Maður finnur fyrir smá stressi og spennu í fólki hér yfir kosningunum. Verandi í háskólabæ eru flestir hér frjálsslyndir og kjósa Demókrata en hins vegar þarf ekki að fara langt út fyrir bæinn, í sveitina, þar sem víða glittir í Trump-fána.


Það er spennandi að búa hér þegar það eru forsetakosningar, maður skynjar hvað þetta skiptir fólki miklu máli. Við munum svo auðvitað hafa kosningavöku að íslenskum sið,“ segir Ína sem þrátt fyrir miklar takmarkanir sér það bjarta í lífinu og bendir á að grímunotkun eins og annað venjist. Nú reyni á innri styrk og að vera fyrirmynd fyrir börnin. ■



BÁTAR



SAUNATUNNUR



SAUNA

Sauna- og gistitunnur ásamt hitaveitupottum og nokkrum tegundum af skeljum




Eigum f órar stærðir af lokum á lager í gráum og brúnum litum ■ Verð frá 62.000 kr.



Sjáðu úrvalið á goddi.is

Infrared saunur ásamt

viðarkyntum pottum



GODDI.IS

AUÐBREKKU 19 - KÓPAVOGI - S. 544 5550

ÖRVHENT PRJÓNA-DROTTNING SLÆR RÆKILEGA Í GEGN

Sjöfn Kristjánsdóttir, eigandi Stroffs verzlunar og Stroff.is, og tónlistarkonan Salka Sól eru að gefa saman út prjónabókina *Una*. Sjöfn fer yfir prjóna-ævintýri sín og deilir fallegri uppskrift úr bókinni.

Guðrún Ósk
Guðjónsdóttir
gudrunosk@dv.is



Sjöfn Kristjánsdóttir lýsir sér sem 39 ára húsmóður í Hvassaleitinu. „Ég er voða venjuleg, elska að vera heima hjá mér og gera huggulegt í kringum mig. Ég bý með Grétari Karli, unnusta til fjölda ára, og saman eigum við þrjú dásamleg börn. Sögu fjórtán ára, Ara fjögurra ára og Kára tveggja ára. Við byrjuðum með netverslunina stroff.is veturinn 2017 og opnuðum svo STROFF verzlun í ágúst á þessu ári. Sú búð er staðsett í Skipholti 25. Þar vinnum við bæði og ótrúlegt en satt þá höfum við enn ekki fengið nóg af hvort öðru,“ segir Sjöfn og hlær.

„Við erum ólík, ég er algjört fiðrildi með alla fálmara úti og sífellt á flugi á meðan Grétar er með báða fætur á jörðinni. Þetta er kombó sem klikkar ekki,“ segir Sjöfn. Hún er að gefa út prjónabókina *Unu* ásamt tónlistarkonunni Sölkunni Sól Eyfeld en Sjöfn og Salka kynntust í gegnum prjónaskap og hefur Salka sagt að Sjöfn hafi kennt sér að prjóna á ótrúlega skömmum tíma.

Byrjaði að prjóna tólf ára

„Ég byrjaði sjálf að prjóna um tólf ára aldurinn. Ég er örvhent og engum tókst að kenna mér að prjóna. Það var ekki fyrr en vinkona mömmu, Didda, sem hafði þolinmæðina að vopni, tók mig í kennslu og úr varð fyrsta húfan mín. Síðan þá hef ég meira og minna verið með prjónana á lofti,“ segir Sjöfn.

„Ég útskrifaðist með stúdentspróf af Hönnunar- og textílbraut frá FB en tók svo U-beygju og kláraði meistara-próf í uppeldis- og menntunarfræði. Pabbi sagði nefnilega að maður yrði aldrei ríkur á því að prjóna. Ég er kannski ekki orðin rík en maður lifandi hvað það er ómetanlegt að geta unnið við það sem maður elskar. Ég er samt

„Ég er kannski ekki orðin rík en það er ómetanlegt að geta unnið við það sem maður elskar.“

egin að hann hafi rekið mig af stað í háskólanám því án þess væri ég ekki jafn fær um að skrifa allar þessar uppskriftir.“

Fann prjónasálufélaga sinn

Sjöfn segir að stundum taki lífið óvænta stefnu og lífið tók svo sannarlega góða óvænta stefnu þegar hún kynntist Sölkunni Sól.

„Við Salka kynnumst í gegnum Instagram þegar hún var að taka sín fyrstu skref í prjónaheiminum. Hún var að prjóna eftir mig og ég fann bara að þarna var eitthvað – einhver eins og ég. Ég sagði við hana um daginn að ég hefði fundið prjónasálufélaga minn. Því ég þekki engan sem hellir sér jafnmikið og jafn kröftuglega í verkefnin eins og Salka og það hentaði mér svo vel því ég hugsa um uppskriftir, prjón og garn allan sólarhringinn. Ég er alltaf að fá hugmyndir og bölvu því oft að vera ekki með fleiri hendur. Við erum jafn æstar í því sem við elskum að gera og erum alltaf með hausinn á fullu. Þú finnur ekki oft einhvern sem er jafn æstur og þú

í svona sérhæfðu verkefni,“ segir Sjöfn.

„Við ætluðum nú bara að gera eina peysu saman en uppskriftirnar urðu tólf, allar rafrænar og fást á stroff.is. Þetta endaði svo sem 27 uppskrifta prjónabók. Hugmynd að bók var eitthvað sem við höfðum hugsað um en það var ekki fyrr en Kristján hjá Sögum útgáfu hafði samband og vildi vinna með okkur í því verkefni. Það kom aldrei hik á okkur, bara búmm og áfram gakk,“ segir hún.

„Una – nafnið á bókinni er upphaflega frá dóttur Sölkunni, Unu Lóu en svo er Una bara svo fallegt nafn, stutt og hnitmiðað og merkingin er falleg; „hin hamingjusama“. Bókin er full af hamingju, gleði og góðri orku. Það eru nýjar uppskriftir í bland við gamlar og allt frá hundaflíkum upp í flíkur á fullorðna. Svo er bókin stútfull af geggjuðum myndum eftir vinkonu okkar, Eygló Gísladóttur,“ segir Sjöfn.

Bókin er farin í prentun og komin í forsölu á stroff.is. Áætlaður söludagur í búðum er 5. nóvember. ■

Sjöfn Kristjánsdóttir lærði að prjóna tólf ára og hefur ekki hætt síðan.

MYND/
SIGTRYGGUR ARI



MYNDIR/ADSENDAR

REX slefsmekkur

Efni
Katia Merino Sport

Það sem þarf
Hringprjón nr. 5 (lengd skiptir ekki máli)
Sokkprjónar nr. 5
Nál til frágangs

Stærðir og magn af garni

Ein stærð. Í einn smekk fer sirka hálf dokka af Katia Merino Sport

Gagnlegt

Þú getur séð myndband sem sýnir hvernig hnútaprjónið er framkvæmt á www.bit.do/hnutaprjon.

Prjónafesta

Prjónfestan í þessari uppskrift er sú að 18 lykkjur á prjóna nr. 5 gera 10 sm með því að nota Merino Sport frá Katia.

Þá gera:


36 lykkjur 20 sm
54 lykkjur 30 sm

Aðferð

Lesið vel yfir uppskrift áður en þið byrjið. Smekkurinn er prjónaður ofan frá og niður, fram og til baka. Uppskriftin býður upp á tvenns konar prjón, poppmynstur og garðapryjón.



MYNDIR/ADSENDAR



- ☐ Garðaprójón (slétt prjón á réttu og röngu)
- ☒ Taka 2 lykkjur af óprjónaðar eins og eigi að prjóna þær slétt (eina lykkju í einu), prjónar þær saman slétt (e. SSK)
- ☒ Prjóna 2 lykkjur saman slétt
- ☒ Popplykkjur - Prjóna 8x sömu lykkjuna (framan og aftan í hana til skiptis). Steypið svo lykkju nr. 2 yfir lykkjur nr. 1 þar til ein lykkja er eftir á prjóninum.
- ☒ I-cord lykkjur

Fitjið upp 47 lykkjur á prjóna nr. 5 með Merino Sport frá Katia. Ég mæli með að prjóna smekkin á hringprjón (lengd skiptir ekki máli). Prjónið tvær umferðir skv. mynsturmynd án útaukninga og mynsturs (tvær fyrstu umferðirnar í mynsturmynd) með I-cord kanti.

Kantarnir á smekknunum eru I-cord, www.bit.do/i-cord4. Þá eru fyrstu 2 lykkjurnar í hverri umferð alltaf prjónaðar slétt og 2 síðustu lykkjurnar

í hverri umferð eru teknar óprjónaðar með bandið fyrir framan eða að þér.

Hér að ofan eru mynsturmyndir af annars vegar poppi og hins vegar garðaprójóni. Veldu annað hvort mynstrið og prjónaðu eftir mynsturmynd (ath. að mynstur byrjar neðst á mynd eða í umferð 1).

Þegar mynstri er lokið eru lykkjurnar, sem eftir eru á prjóninum felldar af

með sléttu prjóni, á réttunni.

Upptaka á lykkjum efst á smekk
Til þess að endinn eða kanturinn, sem kemur við háls barnsins, verði fallegur þarf að prjóna upp þessar 47 lykkjur, sem fitjaðar voru upp í byrjun.

Prjónið þær upp á röngunni með sléttu prjóni (ein umferð) og fellið þær af á réttunni í næstu umferð á eftir. Þegar fellt er af eru prjónaðar þrjár fyrstu lykkjurnar og þær settar

á hjálparband eða nælu (ég hef líka sett prjónamerki í þær og geymt þær þannig). Fellið svo af út umferðina þar til 3 lykkjur eru eftir. Skiptið yfir í tvo sokkaprjóna nr. 5.

Þessar lykkjur, sem þið geymduð hér á undan, prjónið þið svo áfram með I-cord snúruprjóni – www.bit.do/i-cord5 – alls 25 sm langa snúru. Þegar réttri lengd er náð er fellt af með sléttu prjóni. Þegar því er lokið þarf að setja hinar þrjár lykkjurnar,

sem þið geymduð á nælu, á sokkaprjón og prjóna I-cord snúru þar líka, í sömu lengd. Hér að ofan eru myndir til útskýringar.

Frágangur
Gangið frá öllum endum, skolið úr smekknunum í höndum eða í vél, vindið og leggið á handklæði og látið þorna. Ef smekkurinn er prjónaður úr uppgefnu garni má hann fara í bæði þvottavél og þurrkara.



BLAÐAMAÐUR
FÓRNAR SÉRMáni Snær
Þorláksson
manisnaer@dv.is

Mér finnst matur ekkert eðlilega góður. Eitt af því sem ég hlakka mest til að gera á hverjum degi er að fá mér góðan hádegisverð. Stundum sit ég við tölvuna frá því að ég mæti í vinnuna og hugsa og spekúl-era í því hvað ég eigi að fá mér í hádegismat. Er það hamburgaratilboð eða salat, fæ ég mér gott vinar-schnitzel eða tvær pulsar og kók?

BÚMM, ritstjórinn minn slær mig utan undir og segir mér að koma aftur í kaldan raunveruleikann. Í dag fékk ég nefnilega ekki að velja mér hvað ég ætti að fá mér í hádegismat, ekki frekar en síðustu tvo daga. Ég var nefnilega plataður í að fara á einhvern djúskúr. Þá má maður víst ekki borða neitt heldur drekkur maður bara djús.

„Þetta er ekkert mál,“ sagði ritstjórinn sem plataði mig grunlausan tvítugan drenginn. „Þetta eru svo góðir djúsar og síðan máttu drekka átta svoleiðis á dag – maður verður ekkert svangur.“

Þræll hamburgerans

Þegar ég hugsaði um að slá til og skella mér í þennan djúskúr heyrði ég í efasemdaröddunum í kringum mig. „Þú munt aldrei ná þessu,“ sagði einn. „Þú munt svindla fyrsta daginn,“ sagði annar. „Þú ert síðasta manneskjan í heiminum sem gæti klárað svona djúskúr,“ sagði þriðja manneskjan og þá ákvað ég að sýna þeim í tvo heimana og bara fara á þennan andskotans djúskúr. Ég er ekki þræll hamburgeratilsöðsins!

Ég pantaði mér 24 stykki af djúsflöskum á föstudegi og hugsaði ekki mikið meira út í það fyrr en ég mætti til vinnu á mánudaginn. Þá gerði ég mér fyrst grein fyrir því að ég væri bara að fara að drekka djús næstu þrjá daga. Ég ætlaði samt að klára þetta svo ég skellti í mig einum ísöldum banana- og berjadjús. „Þetta var bara fínt,“ hugsaði ég með mér en ég átti svo sannarlega ekki eftir að hugsa það næstu tvo daga. Það er nefnilega ekkert mál að fá sér einn og einn djús en það að fá sér ekkert nema djús er alveg gífurlega erfitt. Ég þurfti að leita djúpt inn á við.

Byrjaði vel

Fyrsti dagurinn gekk þó alveg ágætlega, ég svindlaði ekkert. Ég drakk appelsínusafa, sem var frekar góður, rauðrófusafa, sem var ekkert alltof góður, og síðan drakk ég grænmetisasa, sem var ekkert annað en viðbjóðslegur á bragðið. Allt í allt var þetta þó allt í lagi þennan fyrsta daginn, fjölbreytileikinn var finn

Menn leggja
brattir af stað.
SKÁL Í GUL-
RÓTARSULLI!
MYND/TMÉG DRAKK EKKERT NEMA
SAFA Í ÞRJA HEILA DAGA

Máni Snær fór á sinn fyrsta djúskúr. Hann stóð sig eins og hetja, svindlaði ekkert þrátt fyrir geðvonsku og hótanir um að panta pitsu á miðnætti þegar kúrnum lyki og þótt hann ákalli hamburgara í draumi.

Þrátt fyrir
gúrkuskrautið
var þetta
viðbjóður!
MYND/TM

og gerði það að verkum að mér leið ekki eins og ég væri að borða það sama allan daginn.

Annar daginn gerði ég mér þó grein fyrir því að fjölbreytileikinn var ekki eins mikill. Ég átti að drekka nákvæmlegu sömu djúsa og í gær – en bara í annarri röð. Alveg var það hreint frábært, ég sem hélt að ég fengi að smakka nóg af skrýtnum og skemmtilegum djúsum átti bara að drekka það sama þrjá daga í röð. Allt í einu varð appelsínusafinn ekki svo góður, berjasafinn varð sömuleiðis slappur og grænmetisafinn varð enn viðbjóðslegri.

Mig langaði heitt og innilega að tyggja eitthvað.

Allt fór þó til andskotans þegar ég gerði mér grein fyrir því að ekki má fá sér bjór í djúskúr. „Þetta er bara hveitidjús,“ sagði ég með tárin í augunum við ritstjórnann sem sparkaði í hnéskeljarnar á mér og reif bjórinn af mér. „Þú færð þetta aftur á fimmtudaginn og ekki einu sinni hugsa um að fá þér bjór á leiknum í kvöld.“

Ömurlegur leikur

Alveg rétt, ég var að fara að horfa á fótboltaleik í kvöld með strákunum, ég ætlaði að

fá mér bjór og horfa á Þrótt vinna Magna í Lengjudeildinni. Hvorugt af þessu gerðist, Þróttur tapaði og ég drakk ógeðslegan eplasafa í staðinn fyrir bjór með leiknum. „Hvar hafa dagar lífs míns lit sínum glatað?“ hugsaði ég með mér þegar ég horfði á lið frá 300 manna bæjarfélagi vinna liðið mitt og ég þurfti að sötra volgan eplasafa á meðan. Ég fann hamburgeratilsöðið hvísla nafn mitt.

Síðasta daginn sem ég var á djúskúrnum gat ég varla hugsað um annað en hvað ég ætti að fá mér að borða á morgun. Ég hlakkaði svo til, ekki bara til að fá gott bragð heldur líka bara til að tyggja matinn minn frekar en að drekka hann. Safarnir sem mér fannst vera góðir fyrsta daginn voru orðnir fyrirsjáanlegir, leiðinlegir og vondir. Safarnir sem mér fannst vera vondir voru orðnir verri. Ég fann lífsvilja minn leka í burtu með hverjum sopa. Ég var meira að segja hættur að nenna að ropa.

Keisarinn er nakinn

Ég náði að klára þetta en ef það er eitthvað sem ég hef

lært af þessu þá er það að fara ekki á svona djúskúr. Ég fann að ég varð líka að miðla reynslunni minni áfram til fólks og þess vegna er ég að skrifa þetta, svo engum sem les þetta muni detta það í hug að fara á svona djúskúr. Þetta er það allra versta sem ég hef gert, meira að segja var þetta verra en að drekka piss.

Ef yfirmaður þinn, kæri lesandi, reynir einhvern tímann að plata þig á djúskúr þá skaltu einfaldlega segja þetta: „Nei. Ég læt ekki plata mig í svona vitleysu. Þú ert að ljúga að sjálfum þér og öðrum þegar þú segir að þetta sé gott. Er ég sá eini sem sér að keisarinn er nakinn? Þetta er ekki gott, þetta er viðbjóður og ég ætla aldrei að gera þetta.“

Gerði það fyrir mig, ekki fara á djúskúr. Farið frekar á Hanann og fáið ykkur kjúkl-ingaborgara með frönskum og extra skammti af Lemon&Herb sósu. Og já, ég léttist slatta og naut þess óheyrliga að raða þeirri þyngd fallega á mig aftur eins og arkitekt að vinna að næsta meistaraverki sínu. ■

KAFFIÐ Í KIRKJUNNI DREPUR

Í Mine-fylki í Nýju-Svíþjóð búa einungis um 500 manns. Allir þekkja alla og margir eru tíðir kirkjugestir í hinni litlu kirkju bæjarins. Engan hefði grunað að kirkjuferð myndi reynast lífshættuleg og falleg messa myndi hafa svo hræðilegar afleiðingar.

SAKAMÁL

Jón Þór
Stefánsson
jonthor@dv.is



Eftir messu einn sunnudaginn árið 2003 kom sóknarfólkið saman í kirkjunni og fékk sér kaffi og kræsingar. Dale Anderson var einn þeirra sem fengu sér kaffibolla, en nokkrum mínútum síðar bað hann eigin konu sína að skutla sér heim. Hann lýsti upplifun sinni svona: „Við komum heim eftir messuna og ég byrjaði bara að æla lifur og lungum.“ Hann vissi þó ekki að á sama tíma fundu aðrir kirkjugestir fyrir svipuðum einkennum.

Andlát undirstrikaði alvarleika málsins

Læknar héldu að um matar eitrun væri að ræða, en meðferðirnar sem þeir beittu virtust gera lítið gagn. Þegar hinn 78 ára gamli Walter Morrill lést vegna eitrunarinnar, þá áttuðu læknarnir sig á því að eitthvað grafalvarlegt væri í gangi. Öllum hinum sem fundu fyrir einkennum, fimmtán talsins, var komið á sjúkrahús í hveli.

Á sjúkrahúsinu starfaði Rose Tanguay, sem var að læra hjúkrunarfræði. Hún var fyrst til að gruna að frumefnið hættulega arseník væri skaðvaldurinn. „Ég í rauninni púslaði þessu saman,“ sagði hún. „Útilokaði allt nema arseník.“

Rannsóknarlögreglumaður fór í kirkjuna og leitaði að einhverju dularfullu viðbakkelsið sem hafði verið boðið upp á, en hann fann ekkert bitastætt. Hjúkrunarfræðingur á sjúkrahúsinu áttuði sig á því að allir þeir sem lágu inni höfðu drukkið kaffi og því var ákveðið að rannsaka það.

Móteitur fyrir tilviljun

Um það bil sólarhring eftir messuna voru heilbrigðis-yfirvöld í Maine farin að spyrjast fyrir um móteitur gegn arseníki. Fyrir algjöra tilviljun var slíkt til í fylkinu og því komið í flýti á sjúkrahúsið. Heilbrigðisstarfsfólkið var þó hikandi við að gefa sjúklingunum móteitrið, en væri grunur þeirra rangur, um að arseník væri skaðvaldurinn, myndi móteitrið



Lútherstrúarkirkja Gústafs Adolfs Svíakonungs er á skrá yfir sögulegar byggingar í Bandaríkjunum. Þrátt fyrir það hefur kaffið í kirkjunni kostað fólk lífið.

MYND/GETTY

hafa frekari skaðleg áhrif. Tekin var ákvörðun um að gefa sjúklingunum móteitrið, sem bjargaði lífi þeirra.

Nokkrum klukkustundum síðar kom í ljós að vissulega hefði verið arseník í kaffinu. Arseníkið var í verulegu magni. Því var ljóst að ekki var um neina tilviljun að ræða, heldur hafði einhver komið því fyrir viljandi.

„Þú eittrar ekki fyrir þeim“

„Allir eru gríðarlega sorgmæddir. Allir þekkja þá sem eru veikir. Allir þekkja alla,“ sagði einn bæjarbúa á meðan málið var í rannsókn, en Nýja-Svíþjóð í Bandaríkjunum er álíka fámenn og Seyðisfjardarkaupstaður.

„Ég trúði því hreinlega ekki að það væru einhver illindi á milli þessa fólks. Ef þú ert ósáttur við einhvern hérna, þá gengur þú upp að viðkomandi og segir: „Þú komst illa fram við mig um daginn.“ „Þú eittrar ekki fyrir þeim,“ var haft eftir öðrum bæjarbúa og enn annar sagði: „Þetta er svo náinn hópur hérna. Svo eru svo margir skyldir hver öðrum.“

„Ég var einn að verki“

Málið þótti afar dularfullt.

Ég trúði því hreinlega ekki að það væru einhver illindi á milli þessa fólks.

Enginn lá sérstaklega undir grun, þangað til fimm dögum eftir messuna. Danny Bondeson, 53 ára, sem hafði verið virkur í kirkjustarfinu, fannst látinn á bóndabæ sínum. Hann hafði framið sjálfsvíg og skilið eftir bréf, þar sem hann jataði sök í málinu. Bréfið hefur aldrei verið birt almenningi, en litlir hlutar úr því hafa birst opinberlega, líkt og: „Ég var einn að verki. Ég var einn að verki.“

Málið var talið óupplýst í nokkur ár en var að lokum talið upplýst og Danny sagður sá seki, án þess að eiga sér samverkamann. Aldrei

hefur legið almennilega fyrir hvers vegna Danny á að hafa framið glæpinn. Áðurnefndur Dale Anderson sagði: „Einhver hafði gert honum eitthvað. Og hann ákvað að gera eitthvað til að gera fólk veikt.“ Þá hefur því verið haldið fram að minniháttar ágreiningur innan kirkjunnar hafi fengið hann til að fremja glæpinn.

„Ég held að það séu fleiri sekir þarna úti“

Einn þeirra sem veiktust var Eric Margeson, vinur Dannys. Sumir hafa haldið því fram að hann tengist

ástæðu eitrunarinnar. Aðrir telja að Danny Bondeson hafi ekki verið einn að verki og einhverjir þeirra seku gangi lausir enn þann dag í dag. Dale Anderson er þeirrar skoðunar: „Það er eitthvað meira þarna á bak við, en bara Danny. Hann vissi kannski eitthvað, en ég held að það séu fleiri sekir þarna úti.“

Ónafngreind kona sem drakk kaffið lést nokkrum árum síðar. Talið er að arseník-eitrunin hafi spilað stóran þátt í dauða hennar. Þá segist Dale Anderson aldrei hafa náð fullri heilsu aftur. ■



Næturgalinn
eftir Kristin Hannah
Útgáfuár: 2016

Líf frönsku systranna Vianne og Isabelle hefur ekki alltaf verið dans á rósum og þegar nasistar hertaka landið fer tilveran á hvolf. Enda þótt ógnin lúri í hverju skúmaskoti láta þær ekki bugast og finna hvor um sig leið til að takast á við napran stríðsveruleikann.

Næturgalinn er mögnuð söguleg skáldsaga um ástir, harm og hugrekki kvenna á stríðstímum, sem hefur selst í meira en 1,5 milljónum eintaka. Hún grípur lesandann föstum tökum; hann hverfur inn í fortíð sem aldrei má gleymast og upplifir atburðarás sem sýnir hvers mannleg reisn er megnug gagnvart illskunni.

Umsögn: „Ég gat varla lagt þessa bók frá mér. Bæði spennusaga og ástarsaga.“



IÐRUN
eftir Hanne-Vibeke Holst
Útgáfuár: 2013

Iðrun er saga fjögurra kynslóða Tholstrup-ættarinnar og spannar sjötíu ár, saga sem einkennist af einlægri ást, ástríðum og metnaði en líka blekkingum og lygum sem eitra líf fjölskyldunnar. Ættfaðirinn Thorvald er vinsæll prestur á Jótlandi þegar Þjóðverjar her-nema Danmörku.

Umsögn: „Bókin er um tvíburana Leif og Leo. Hún gerist á Norður-löndunum og í Evrópu um og eftir stríð. Bókin heillaði mig mikið og plottið í lokin er frábært!“



Regína með nöfnu sinni og langömmubarni sem er einnig mikill bókaormur. MYND/REGÍNA DILJÁ

Amma velur FIMM UPPÁHALDS BÆKURNAR

Regína Birkis er margföld amma og lestrarhestur. Hún er í bókaklúbb í blokkinni þar sem hún býr og segist leita eftir bókum sem virkja allan tilfinningaskalann, allt frá gleði í sorg.

Dorbjörg
Marínósdóttir
tobba@dv.is



Í tilefni þess að nú fer að örla á aukinni bókaútgáfu fyrir jól og þeirrar staðreyndar að fleiri og fleiri eru fastir heima við í leit að afþreyingu, verður ein síða helguð bókum í öllum tölublöðum DV fram að jólum. Ekki er um hefðbundna gagnrýni að ræða heldur verður leitað eftir áliti og um-

sögnum alls konar fólks á öllum aldri. Fyrst ríður á vaðið Regína Margrét Birkis en hún les mikið og er í bókaklúbb. „Við hittumst nokkrar sem búum í sömu blokk og skiptumst á skoðunum. Það er virkilega skemmtilegt og ég hef í gegnum klúbbinn lesið svo margar dásamlegar bækur,“ segir Regína sem á 10 barnabörn og 7 langömmubörn. „Ég er ríkasta kona í heimi.“

Regína og eiginmaður hennar Guðberg Haraldsson búa í

Árskógum þar sem blómlegt félagslíf er að finna. Einnig skiptist Regína mikið á bókum við dætur sínar og barnabarn auk þess sem bókabíllinn hefur fært henni mikla gleði síðustu ár. „Ég er svo lánsöm að hafa verið lestrarhestur alla mína ævi. Fyrst voru það Nonna-bækurnar, norsk ævintýri og álíka. Svo var það Pollýanna þegar ég eltist en ef ég ætti að velja nýlegar bækur sem sköruðu fram úr í mínum huga væru það þessar fimm.“ ■

BLÁ
eftir Maju Lunde
Útgáfuár: 2019

Hvað gerist ef vatnið hverfur? Áríðandi, áhugaverð og ógnvekjandi skáldsaga um áhrif umhverfisbreytinga. 2017: Signe er komin á sjötugsaldur þegar hún heimsækir æskustöðvarnar í Noregi. Þar blasa við umfangsmiklar virkjunarframkvæmdir, og hún siglir skelkuð á braut til að hitta mann sem hún eitt sinn elskaði. Hún á við hann áriðandi erindi. Hún er ein um borð í skútunni sinni, sem heitir Blá – en neðan þilja geymir hún undarlegan farm. 2041: Aldarfjórðungi síðar er

David á flótta norður eftir Frakklandi með lítilli dóttur sinni. Endalausir þurrkar hafa hrakið þau að heiman þar sem miskunnarlausir eldar geisa. Dag einn finna þau vel falinn bát á eyðibýli langt úti í sveit og ótal spurningar vakna ...

Umsögn: „Sagan gerist í framtíðinni þegar spár um eyðingu jarðar eru að koma fram. Átakanleg og skelfileg saga sem er vel sögð. Virkilega flottur höfundur.“




EDDUMÁL
eftir Jónínu Leósdóttur
Útgáfuár: Fyrsta bók kom út 2016

Edda er nýhætt að vinna og dauðleiðist tíðindalaus tilvera eftirlaunaþegans. Hún getur ómögulega verið til friðs. Milli þess sem hún skellir sér í sund og verslar í Melabúðinni leysir hún hin og þessi sakamál – oftast óumbeðin – og alltaf börnum sínum til mikils ama. Fimm bækur hafa komið út um Eddu og hennar óþrjótandi forvitni, ást á rauðvíni og gömlum ofskreyttum húsgögnum. Spennubækur sem eru þó lausar við allan viðbjóð og grafískar lýsingar á ofbeldi.

Umsögn: „Ég er alltaf veik fyrir bókum eftir Jónínu Leós. Ég hef lesið allar Eddubækurnar og bíð eftir næstu.“

BÖÐVAR GUÐMUNDSSON



SÖGUR ÚR SÍÐUNNI
eftir Böðvar Guðmundsson
Útgáfuár: 2007

Sögur úr Síðunni eru tengdar sögur með sameiginlegum persónum. Sögusviðið er íslensk sveit um miðja síðustu öld. Fjölskyldan á Bóli er í forgrunni og í fylgd yngsta barnsins, sögumannsins Kára, kynnumst við heillandi veröld sem er ekki fjarlæg, hvorki í tíma né rúmi, en gæti þó stundum verið í aldarfjarlægð því svo margt hefur breyst síðan þá. Hér segir frá góðu fólki, sumu broslegu en jafnframt örlátu og höfðinglegu þegar á reynir. Eftirminnilegir atburðir lifna á ný í frásögn sem leiftrar af kímni.

Umsögn: „Þetta eru frásagnir um hvernig bændur og búalið brást við komu herliðsins og margt í því sambandi. Bókin er ótrúlega myndin og ég grét oft úr hlátri.“

TÍMAVÉLIN

Erla Dóra
Magnúsdóttir
erladora@dv.is



Fátt hefur verið meira til umræðu meðal fólks síðustu vikurnar en hið kynjaskipta barnaheimili í Hafnarfirði, sem nýlega tók til starfa,“ svo sagði í Þjóðlífi þann 1. október árið 1989. Nýr leikskóli, Garðavellir við Hjallabraut, hafði tekið til starfa í Hafnarfirði undir stjórn Margrétar Pálu Ólafsdóttur. Leikskólinn var í daglegu tali kallaður Hjalli en við þann leikskóla hefur hugmyndafræði Margrétar, Hjallastefnan, verið kennd.

Ekki tóku allir hugmyndum Hjallastefnunnar fagnandi. „Raunar hefur hin fyrirhugaða kynjaskipting farið svo fyrir brjóstið á sumum konum í fósturstétt að þær sáu ástæðu til að biðja Jafnréttisráð að skoða þetta mál.“

Lesbísk fóstura með hugmynd

Margrét Pála Ólafsdóttir útskrifaðist sem fóstura árið 1981. Hún byrjaði þá strax að vinna að nýjum hugmyndum í leikskólastarfi en henni þótti leikskólastarf á þeim tíma ekki miða nægilega að þörfum barnanna og minna meira á nokkurs konar „geymslur“ fyrir börnin á meðan foreldrar voru í vinnu.

Hún var einnig virk í félagsmálum og stjórnárum og eftirsótt í störf á því sviði eða allt þar til árið 1984 þegar hún, þá 26 ára að aldri, kom út úr skápnum og skildi við eiginmann sinn og barnsföður.

„Ég var 26 ára og hafði verið í hjónabandi í átta ár þegar ég varð ástfangin af annarri konu. Það gerði útslagið. Ég gat ekki hugsað mér að snúa aftur til þess lífs sem ég hafði lifað,“ sagði Margrét Pála í samtali við Eintak árið 1994.

Samkynhneigð á Íslandi var ekki jafn samfélagslega viðurkennd þegar Margrét Pála kom út úr skápnum og nú er og varð kynhneigð hennar ein af þeim ástæðum sem stefna hennar í leikskólamálu átti eftir að verða gagnrýnd fyrir. Á vefsíðu Hjallastefnunnar segir um sögu stefnunnar: „Ítrekað var ráðist að Margréti Pálu og kynhneigð hennar blandað í málin, bæði á fundum og í fjölmiðlum en Margrét Pála var fyrsti kennarinn til að koma úr felum á tíma þegar samkynhneigð var enn álitin varasöm og alls ekki viðeigandi að „svona fólk væri í starfi með börnunum.““

Umdeild hugmyndafræði

Hugmyndir Margrétar um kynjaskiptan leikskóla fengu gagnrýni úr mörgum áttum. Meðal annars þótti hún



Hjallastefna Margrétar Pálu hefur lifað góðu lífi á Íslandi í yfir 30 ár.
MYND/TIMARIT.IS

Lesbísk fóstura umbyltir leikskólastarfi

Upphafsmaður Hjallastefnunnar, Margrét Pála Ólafsdóttir, vildi umbylta leikskólakerfinu til að stuðla að auknu jafnrétti kynjanna en mætti mótstöðu og fordómum vegna kynhneigðar sinnar.

stríða gegn jafnréttisbaráttu undanfarinna ára þar sem konur höfðu barist fyrir því að vera metnar til jafns við karlmennt.

Margrét Pála hafði þó veitt því eftirtekt og lesið rannsóknir sem bentu til þess að drengir fengju mun meiri athygli kennara en stúlkur, þeir tækju meira pláss á meðan stúlkum var kennt að vera prúðar og taka minna pláss. Börnum voru því tileinkuð ákveðin einkenni sinna kynja allt frá fæðingu og birtist þetta í hegðun þeirra á leikskólaaldri.

„Ég vil að telpurnar geti sýnt frumkvæði án þess að einhver drengur eða drengir verði fyrri til. Á sama tíma vil ég að drengirnir geti sýnt sínar blíðu tilfinningar án þess að telpurnar steli frá þeim glæpnum, eins og gerist annars þegar kynin eru saman,“ sagði Margrét í samtali við Þjóðlíf 1989.

Fóstrufélag Íslands lýsti áhyggjum sínum af kynjaskiptingunni á Hjalla. Formaður félagsins tók fram í viðtölum við blöð og útvörp að með þessu væri stigið spor í ójafnréttisátt.

Margrét var á öndverðri skoðun. Með kynjaskiptingunni væri þvert á móti stuðlað að jafnrétti þar sem hvoru

kyni fyrir sig gæfist kostur á að rækta eiginleika sem samfélagið að jafnaði veitti þeim ekki rými til að gera. Nokkurs konar slagorð leikskólans varð að í Hjalla í Hafnarfirði væru „hraustustu stelpurnar“ og „prúðustu drengirnir“.

Strákum var kennt að bera umhyggju hver fyrir öðrum og hlúa að vinum sínum á meðan stelpunum var kennt að sýna kjark, stökkva, ganga berfættar í snjó og hrauni.

Samkynhneigð ekki fötlun

Ári 1991, þegar leikskólinn hafði verið opinn í rúm ár, birti Pressan frétt um að Margrét Pála hefði fengið rúmlega 160 yfirvinnutíma greidda og að Margrét hefði sagt upp störfum þegar það fyrirkomulag var gagnrýnt.

Margrét birti eftirminni-lega grein í fjölmiðlum til að svara fyrir ásakanirnar undir fyrirsögninni: Lesbísk fóstura í súpervinnu! Taldi Margrét að gagnrýnina mætti rekja til kynhneigðar hennar.

„Ég sé aðeins eina skýringu. Persónan ég virðist trufla ákveðna aðila meira en tali tekur. Mér er óheimilt að vinna með börn og það kemur ekki peningum við: hins vegar er ég lesbía og hef þar af leiðandi þurft að hlusta

á dylgjur um öfuguggastarfsemi leikskólans og um sjálfa mig frá fyrsta degi í starfi hér.“

Vildi Margrét með greininni senda skýr skilaboð. „Samkynhneigð mín er ekki fötlun í starfi og lesbískar fósturur eru jafn færar öðrum um að stjórna leikskóla. Börn biðja ekki tjón á sál né líkama, þótt ég umgangist þau og vinni með þeim.“

Fjöldi fóstura á Hjalla sagði upp störfum í samstöðu með Margréti. Foreldrar barnanna í Hjalla létu einnig til sín taka, enda mjög ánægðir með störf Margrétar, og náðist að lokum samkomulag við Hafnarfjarðarbæ og Margrét fékk fullt frelsi um starfshætti leikskólans. Í opnu bréfi foreldra sem birtist í Fjarðarpóstinum í febrúar 1991 sagði:

„Þroski barnsins míns og sjálfsbjargarviðleitni þess hefur eflst alveg ótrúlega á þeim skamma tíma sem hún hefur dvalið þar, að ég tali nú ekki um ánægjuna sem skín úr andliti hennar er hún talar um leikskólann sinn og aðalmanuskjan er Magga Pála sem „ræður öllu þar“. Hún bíður eftir því að komast í leikskólann sinn á daginn og biður mig að sækja sig „seint.““

Verðlaunuð fyrir jafnrétti

Eftir því sem tíminn leið fjarðaði gagnrýnin út. Erlendir aðilar sýndu stefnunni mikinn áhuga og gerð var heimildarmynd um starf skólans með stuðningi Norrænu ráðherranefndarinnar. Þúsundir kennara frá Norðurlöndunum heimsóttu Hjalla sem var kallaður „Umtalaðasti leikskóli Evrópu“.

Margrét Pála, hugmyndir hvernar voru útnefndar ójafnræðislegar í upphafi, hlaut svo jafnréttisverðlaun Jafnréttisráðs árið 1997 fyrir Hjallastefnuna. Í dag er töluverður fjöldi leikskóla og barnaskóla sem starfa undir merkjum Hjallastefnunnar. Aðrir leikskólar hafa tekið upp aldursskiptingu en kynjaskiptingin er enn sérstaða Hjallastefnuleikskóla.

Þessu spáði Margrét strax í upphafi. Í samtali við Tímán árið 1989 sagði hún:

„Ég tel að þessi nýja gerð af aldursskiptingu eigi eftir að verða mjög almenn því ókostirnir við að blanda börnunum saman af ólíkum aldri eru margir. Ég held aftur á móti að kynjaskiptingin muni ganga hægar. Ég trúi því hins vegar að eftir nokkra áratugi muni fólk ekki hrökkva við þó að minnst sé á kynjaskiptingu.“ ■

Fjölskylduhornið

Kristín Tómasdóttir hjónabandsráðgjafi svarar spurningum lesenda um málefni er varða fjölskylduna, börnin og ástina

í Fjölskylduhorni DV. Að þessu sinni svarar Kristín spurningu lesanda sem hefur áhyggjur af þyngd barnsins síns.

Sérfræðingur svarar



Barnið mitt er bústið ER ÞAÐ ENDILEGA VANDAMÁL?

Halló, halló. Barnið mitt er hamingjusamt og góðhjartað, en hins vegar hefur skóli þess og heilsugæsla gert athugasemdir við holdafar þess. Líklega er barnið mitt í bústnari kantinum, en það erum við foreldrarnir líka. Hins vegar hafa skólinn og heilsugæslan lýst yfir áhyggjum vegna þess og vilja að við gerum eitthvað í þeim málum. Barnið hefur ekki mikinn áhuga á hreyfingu og höfum við foreldrarnir hingað til ekki viljað neyða það út í íþróttaiðkun sem það hefur ekki áhuga á. Barnið er heimakært og finnst best að vera í tölvuleikjum og finnst ægilega gott að borða. Við erum hrædd um að ef við förum að ráðum heilsugæslunnar fari barnið að upplifa neikvæðar tilfinningar og þrói með sér neikvæða líkams- og sjálfsmynd. Við foreldrarnir erum sátt í okkar eigin líkama, en við viljum ekki stefna heilsu barnsins í hættu bara vegna þess að við kjósum að vera „large and in charge“. Er einhver leið til að „grenna“ barnið (guð ég hata meira að segja að skrifa þetta) eða bæta heilsu þess án þess að stofna sjálfsmyndinni í hættu? Ég vil ekki gefa upp kyn barns míns eða aldur, enda finnst mér það ekki skipta öllu máli, en get þó sagt að það er á grunn-skólaaldri.

Afar viðkvæmt mál

Sæl. Takk fyrir spurninguna. Ég viðurkenni að ég hef veigrað mér við að svara henni, fyrst og fremst vegna þess að ég vildi gera það vel, þetta er vandmeðfarið og það er gríðarlega erfitt að finna „réttu“ svarið. Það sem ég þó veit er að þið eruð á góðri leið, þið eruð að meta stöðuna, skoða og spyrjast fyrir og ykkur er annst um að gera vel. Er það ekki nákvæmlega þannig sem við viljum að foreldrar geri?

Hér er um viðkvæmt mál að ræða því við vitum að óraunhæfar útlitskröfur og stöðug umræða um holdafar hefur skaðleg áhrif á börn og ungmenni. Sömuleiðis vitum við að ofþyngd í sumum til-



MYND/GETTY

fellum getur haft heilsuspillandi áhrif. Það er þó löngu sannað að það er hægt að vera hraustur í þungum líkama. Þá eru uppi afar mismunandi kenningar um heilbrigð holdafar og hvernig það reiknast, margt mælir gegn BMI-þyngdarstuðlinum og annað bendir til þess að þarna spili inn í þörf samfélagsins til þess að steypa öllum í sama form. Þetta fer s.s. allt í hringi og við getum lítið sagt nema út frá mynstri og meðaltölum. Að þessum formála sögðum vil ég leggja áherslu á að þið takið einstaklingsmiðaða nálgun á ykkar barn, metið hvað vegur þyngst hverju sinni og mætið ykkar barni sem best hvað það varðar.

Hræðsluáróður um holdafar

Ég hjó eftir því í spurningu þinni að heilsugæslan og skólinn hafa lýst yfir áhyggjum, en það eruð þið sem þekkið

ykkar barn best og því velti ég fyrir mér hvort áhyggjurnar hafi aldrei kviknað hjá ykkur í þessu sambandi? Ef ekki, þá finnst mér það mikilvæg breyta sem taka þarf með í reikninginn. Þið eruð augljóslega meðvitaðir foreldrar sem setjið liðan barnanna ykkar í forgrunn sem gefur mér ástæðu til þess að velta fyrir mér hvort það sé verið að kveikja áhyggjur og umræðu sem gæti verið ástæðulaus. Ef þið aftur á móti hafið haft áhyggjur af holdafari og liðan barnsins þá er kannski ástæða til þess að þiggja faglegt samtal og aðstoð við því.

Hér vil ég þó benda á að það hefur ákveðinn hræðsluáróður einkennt umræðu um holdafar á undanförunum áratugum sem hefur leitt til rörsýnar sem hefur líka náð til fagfólks. Þarna vantar helst upp á mat á ávinningi af inngrípum þegar kemur að holdaritari. Afleiðingar

af slíku geta nefnilega verið skaðlegar og jafnvel skaðlegri en holdafarið sjálft. Þar ber helst að nefna áhættuna á hvers konar átröskunum sem hafa svo aftur í för með sér óheilbrigðar matarvenjur, kvíða, laka sjálfsmynd og svona mætti lengi telja.

Heilbrigðar lífsvenjur

Nú vil ég alls ekki gera lítið úr starfi heilsugæslu og skóla og tel að ábendingar þaðan séu yfirleitt af hinu góða og það ýtir undir trúverðugleika að athugasemdirnar koma frá báðum aðilum í ykkar tilfelli. Aftur á móti tel ég mikilvægt að ef skóli og heilsugæsla hafa komið með svona ábendingar að benda á úrræði og lausnir fyrir ykkur. Bauðst ykkur eitthvað slíkt? Og ef svo er, hvernig er árangurinn metinn og er stillt af fyrir aðra þætti sem geta komið upp í kjölfarið?

Þú nefnir hvort það séu einhverjar aðrar leiðir til

þess að „grenna“ barnið og ég skil afar vel hvað þér er illa við orðið, en orð eru einmitt mikilvæg í þessu samhengi. Orðræða um mataræði og holdafar og umræða um slíkt á heimilinu getur verið lykillinn að heilbrigðri líkamsmynd barns. Megrún er margrannsakað mein, en heilbrigð umræða um heilbrigðar lífsvenjur er allt annað. Barnið þitt mótir sínar fyrstu hugmyndir um mat og líkama með því að líta til þín. Það væri því ágætt í þessu samhengi að skoða hvernig umræða og samband ykkar foreldra er við mat og heilbrigðar lífsvenjur og hvort þar megi gera breytingar. Börn læra það sem er gert fremur en það sem er sagt, svo mögulega þarf bara að stramma af nokkrar einfaldar skrifur í heimilishaldinu og barnið mun fylgja með.

Sjálfsmyndarvinna

Að lokum vil ég árétta að sjálfsmynd barna samanstendur af mörgum áhrifaþáttum. Sem dæmi má nefna fjölskyldan, vinátta, áhugamál og nám geta spilað þar stóra rullu. Við getum æft okkur að verða betri vinconur, við getum æft okkur að vera góð í fótbolta og við getum lagt mikið á okkur til þess að læra erfiða algebru. Útlitinu breytum við ekki svo glatt og það fær að vega allt of þungt þegar kemur að sjálfsmynd barna og unglunga. Getur verið að nýtt áhugamál eða að bjóða vinum í heimsókn eftir skóla geti styrkt sjálfsmynd barnsins þíns meira en vigtin hjá skólahjúkrunarfræðingnum? Ef svo er, nú þá væri ráð að setja fókussinn á eitthvað slíkt.

Ég þakka þér fyrir ógrandi og góða spurningu sem við öll, sem komum að starfi og uppeldi barna, höfum gott af því að velta fyrir okkur. ■

Við hvetjum lesendur til að senda spurningar og vangaveltur sínar til Kristínar í tölvupósti á: hjonabandssaela@gmail.com.

Spurningunum verður svo svarað hér í Fjölskylduhorninu, að sjálf-sögðu nafnlaust og í fullum trúnaði.

Síðasti séns að næla sér í jóladagatöl

Hermosa er ein stærsta og farsælasta netverslun með kynlífstæki á Íslandi í dag. Upphafið má rekja til þess að eigendurnir, Vilhjálmur Þór Gunnarsson og Kristín Björg Hrólfsdóttir, fluttu inn kynlífstækjadagatöl og komu auga á verðósamræmi á markaðnum.

Dagatölin slógu heldur betur í gegn enda vorum við að bjóða upp á verð sem sást alls ekki hér á landi. Við komum líka strax auga á mikið ósamræmi á verði á kynlífstækjum almennt. Það var oft hátt í 50% verðálagning hjá íslenskum heildsölum ofan á það sem varan kostar á til dæmis Amazon með flutningi, sköttum og öllu því sem það kostar einstakling að flytja inn eina vöru. Því vatt þetta fljótt upp á sig og síðan þá höfum við haft það að leiðarljósi að bjóða upp á fyrsta flokks kynlífstæki á frábæru verði. Í ár fundum við algerlega sturluð kynlífstækjadagatöl sem eiga heldur betur eftir að slá í gegn í desember og lengi eftir það,“ segir Vilhjálmur.

Forsölu lýkur í næstu viku

Í september hófst forsala á nýjum og spennandi kynlífstækjadagatölum hjá Hermosa og henni lýkur föstudaginn 23. október, í næstu viku. „Það er ekki mikið magn sem við eigum eftir að selja. Þetta á eftir að klárast mjög fljótt og því er ráðlegt að þeir sem hafa áhuga á að panta dagatölin geri það sem fyrst.

Í fyrra fundum við ekkert dagatal sem stóðst okkar kröfur, en núna í ár höfum við landað tveimur frábærum dagatölum sem henta alls konar pörum. Þetta eru ótrúlega vegleg dagatöl og það sem gerir þau frábregðin flestum öðrum er að þau innihalda ekki bara vörur frá einum framleiðanda. Hægt er að velja um Premium kynlífstækjadagatal og svo Classic dagatal.“

Úrvalsvörur í svefnherbergið

Premium dagatölin eru sérlega vegleg með frábært úrval af hágæða kynlífstækjum. Dagatalið kostar 39.990 kr. en verðmæti varanna er um 150.000 kr. „Þetta eru 28 vörur sem þýðir að í sumum gluggum er fleiri en ein vara. Þá er meðalverðið á hverri vöru fyrir sig 1.428 kr. sem er lægra verð en á ódýrustu vörunni í dagatalinu. Við erum að tala um Womanizer-vörur, paratæki, alvöru leðurvörur, múffur, titrara, sleipiefni og alls konar unaðstæki til þess að gera desember-skammdegið að skemmtilegasta tíma ársins.“

Sígildar unaðsvörur

Hitt dagatalið er alls ekki síðra. Dagatalið er á 24.990 kr. en verðmæti varanna er um 80.000 kr. „Vörurnar í þessu eru mjög góðar og sígildar en vörumerkin eru minna þekkt. Við höfum þó verið að selja frábærar vörur frá þessum aðilum og við vitum að þetta eru flott vörumerki. Þarna eru kegal-perlur, titrarar, dildóar, sogtæki, BDSM-dót, typpa-hringur og paratæki. Það verður enginn svikinn af þessum munúðar-pakka.“

Samdægurs sendingarþjónusta

„Við vinnum sífellt að því að bæta þjónustuna hvar sem hægt er, en við-



Kristín og Vilhjálmur eru spennt að tilkynna að þau ætla að bjóða upp á algerlega sturluð kynlífstækjadagatöl í ár.

MYND/VALLI



Dagatölin eru ótrúlega vegleg og innihalda ekki bara vörur frá einum framleiðanda.

Fallegur paratitrari frá We-Vibe sem mun krydda vel upp á kynlífið í desember. Tækið virkar í flestum stellingum og veitir báðum aðilum unað.

Fjarstýrðu egginn frá Easy Toys passa vel í nærbuxurnar. Makinn fær svo fjarstýringuna og getur kveikt á egginu hvar og hvenær sem er. Gefðu frá þér stjórnina, þú munt ekki sjá eftir því.

Sogtækin frá Womanizer hafa tröllriðið kynlífstækjamarkaðnum undanfarið.

skiptavinir okkar hafa kunnað vel að meta góða verðið, fríu heimsendinguna og hvað vefsíðan er þægileg og einföld í notkun. En okkar markmið hefur alltaf verið að einskorða úrvalið við fyrsta flokks vörur. Eins og við segjum oft þá nennir enginn að skoða 300 dildóa í leit að þeim eina rétta. Við erum búin að leggjast í rannsóknarvinnuna til að einfalda þér lífið.

Það nýjasta hjá okkur er að nú bjóðum við upp á samdægurs heimsendingu, sækja á N1 á leið heim úr vinnu eða í vöruhús. Ef pantað er fyrir hádegi þá geturðu fengið vöruna heimsenda samdægurs. Þetta er í raun engu flóknara en að panta pitsu. Þú færð sms þegar varan fer í bílinn og svo annað þegar það eru 15-20 mínútur í að hún kemur til þín. Það þarf því ekki að bíða heima í heilan dag eftir heimsendingu. Ef fólk vill sækja þá er hægt að sækja sendingar frá klukkan 17.00 og fram á kvöld á allar N1-stöðvar. Þessi kostur hentar mörgum sem vilja kippa pakkanum með sér heim úr vinnu og vilja ekki þurfa að vera heima. Einnig er hægt að sækja sjálfur í vöruhúsið fyrir klukkan 17.00 á daginn.

Einnig höfum við bætt við lifandi spjalli á síðuna okkar. Þá geta viðskiptavinir náð í okkur á næstum hvaða tíma sólarhringsins sem er. Við erum nánast alltaf við því við getum hvort heldur er svarað í tölvunni eða símanum.“ ■

Kíktu við á hermosa.is til að skoða úrvalið og panta kynlífstækjadagatal.

Facebook: Hermosa.is

Instagram: hermosaisland

Una í eldhúsinu

Una Guðmundsdóttir elskar allt með bræddum osti. Hver gerir það ekki? Hér fær ostur að njóta sín á klassísku lasagne sem flest öll heimili elska.



Lasagne

Lasagne er alltaf góð máltíð sem allir verða saddir og sælir af, ekki skemmir svo fyrir að gera góðan skammt fyrir fjóra hér á heimilinu og eiga í afganga næsta dag.

- 500 g nautahakk
- 680 g Cirio-pastasósa (eða ykkar uppáhalds pastasósa)
- 170 g tómát-paste
- 4-5 stk. gulrætur
- ½ gul paprika
- ½ rauð paprika
- ½ búnt fersk basilíka
- 4 msk. ólífuolía
- 1 stk. laukur
- 2 stk. hvítlauksgeirar
- 100 g lasagne-pastaplötur
- 250 g kotasæla
- Rifinn ostur
- Salt og pipar

Byrjið á því að skera niður grænmetið, setjið hvítlaukinn í pressu og steikið það allt saman upp úr ólífuolíu á pönnu.

Steikið hakkið á pönnu, kryddið vel og blandið saman við grænmetið.

Blandið pasasósunni saman við ásamt tómát-paste-inu, leyfið að malla á pönnunni í um 20 mínútur.

Leggið 1/3 af blöndunni í botninn á eldföstu móti, 1/3 af pastaplötunum yfir og dreifið kotasælu yfir. Endurtakið þetta 2-3 sinnum.

Stráið svo rifnum osti yfir í lokin og setjið í ofn í 25-30 mínútur á um 200 gráðu hita.



MYNDIR/ADSENDAR

Snittubrauð fyllt með tómötum, hvítlauk og basilíku

- 1 stk. snittubrauð
- 1 stk. hvítlauksgeiri
- 1 stk. tómatur
- Handfylli af ferskri basilíku
- 2 msk. smjör
- Rifinn ostur
- Gróft sjávarsalt

Byrjið á því að bræða smjör í potti, leyfið því aðeins að kólna.

Setjið hvítlaukinn í hvítlaukspressu og blandið honum saman við smjörið.

Skerið nokkrar djúpar rákir í snittubrauðið og smyrjið það að utan og inn í rákirnar með hvítlaukssmjörinu.

Skerið tómát í þunnar sneiðar og setjið um það bil tvær sneiðar í hverja rák.

Stráið rifnum osti yfir snittubrauðið, setjið það í ofninn við 200 gráður í um 15 mínútur.

Þegar brauðið er tekið úr ofninum eru basilíkulauf sett í rákirnar og stráð aðeins yfir ásamt grófu salti.



Þorbjörg
Marínósdóttir
tobba@dv.is



Ég er alltaf með æði fyrir grænkáli. Það er eins og ég sé háð því. Er með 2008 statusa á Facebook um grænkál,“ segir Eva og hlær aðspurð um sitt uppáhalds hráefni. „En já, ef ég ætti að nefna eitthvað þá er það líklega rauðkál. Í fyrstu bylgju COVID bjó ég til kálböggla, mjög fallegir þó ég segi sjálf frá.

Í síðustu viku skellti ég helmingi í súpu og hinum helmingnum inn í ofn. Súpan varð fallega bleik og ólík öllu sem ég hef eldað.“

Vikuplan er snilld

Eva hefur verið grænkeri í um 20 ár og síðustu 3 ár hefur hún eldað nánast bara vegan mat.

„Matreiðsla er mín hugleiðsla má segja og ég legg mikla áherslu á að elda nánast á hverju kvöldi. Er með vikuplan fyrir virku dagana en ekki flókið plan, bara súpa á mánudögum, pasta á þriðjudögum, afgangar/snarl á miðvikudögum, alþjóðlegt eins og thai, indverskt, mexíkóskt á fimmtudögum og pítsa á föstudögum.

Ég er orðin duglegri að kaupa eitthvað einfalt eða skyndimat þegar ég er þreytt. Ég verð bara oft svo „matsár“, finnst sumt heimkeypt svo dýrt og ekkert gott,“ segir Eva sem leggur mikið upp úr hollum og heilnæmum mat.

„Ekki láta innihaldslista hræða ykkur. Ef þið eigið ekki eitthvað, þá bara sleppið því eða notið eitthvað í staðinn. Og ef þið viljið nota frekar venjulegt smjör eða majónes þá er bara um að gera. Ekki taka eldamenskuna of alvarlega – æfingin skapar meistarann.“ ■



Rauðkál á hug og hjarta Evu um þessar mundir.

MYNDIR/STEFÁN KARLSSON

MATSÁR ELDHÚSDROTNING

Eva Einarsdóttir, kynningarfulltrúi fyrir Erasmus+ og Nordplus, er galdrakona í eldhúsinu. Hún er hetja þegar kemur að grænmeti og maturinn hennar einkennist af flóknu bragði og fegurð.

Matseðill Evu

Morgunmatur

Hef litla matarlyst á morgnana. En fæ mér stundum hafragraut eða chiagraut. Stundum banana. Annars bara kaffi, kaffi.

Millimál

Fæ mér stundum „ógeðisdrykkinn“ sem vekur athygli í vinnunni, ískalt vatn, chiafræ, kanil og smá eplaedik. Ekki hugsað sem eitthvað greinandi heldur finnst mér þetta gera maganum gott.

Hádegismatur

Er yfirleitt með nesti með mér í vinnunni. Oftar en ekki afganga frá kvöldinu áður. Súpur í miklu uppáhaldi. Á líka alltaf súpur frá Amy's kitchen, lífrænar og mjög svona „feel good“.

Millimál á daginn

Ég er háð sóðavatni og á það alltaf til í vinnunni. Eins á ég alltaf dökkt súkkulaði og hnetur í skúffunni. Já, og lakkrís auðvitað. Svo fæ ég mér stundum hrökkbrauð síðdegis.

Kvöldmatur

Oft súpa eða eitthvað af viku-listanum. Svo er ég ekkert mikill nartari á kvöldin, er ekki mikill nammigrís. Ja, nema ef rauðvín telst sem nammí.

Steikt rauðkál með svörtu quinoa, gúrmet linsum, stökku grænkáli og dijonsósu

Fyrir 2, 4 ef forréttu

½ rauðkálshaus
2 dl svart quinoa (eða venjulegt)
2 lúkur grænkál
8-10 radísur
2 dl soðnar linsur
2-3 skalottlaukar
Nokkrar greinar ferskt timjan
3-4 msk. vegan smjör
3 msk. vegan majónes
3 msk. vegan sýrður rjómi
2-3 tsk. hlynssýróp
½ grænmetisteningur
1 dl heslihnetur, muldar eða flögur
Ólífuolía
1 tsk. cumin
1 tsk. timjan
1 tsk. múskat
1-2 tsk. dijon
1 tsk. dill
1 tsk. estragon
Sítrónusafi
Salt og pipar

Hitið ofninn upp í 180°.

Hitið ½ l af vatni, ég nota alltaf hraðsuðuketil.



Hitið undir pottinum sem quinoað á að fara í. Leyfið botninum að hitna og setjið svo quinoað út í. Eftir 1-2 mín. látið þið grænmetisteninginn yfir og hellið svo yfir heitu vatninu. Fáid upp suðu og leyfið svo að malla í 20 mín.

Rífið grænkálið og setjið í eldfast mót og einnig radísurnar. Setjið olíu yfir og setjið inn í ofn í ca. 20 mín. Skerið rauðkáli í tvennt, geymið hinn helminginn í eitthvað skemmtilegt.

Skerið í hálfmánasneiðar, ca 1-2 cm þykkar. Reynið að láta ekki detta í sundur. Hitið olíu á pönnu miðlungshita. Setjið svo um 2 msk. smjör á pönnuna.

Skerið skalottlaukinn í frekar grófa sneiðar og setjið á pönnuna. Látið „rauðkálsteikurnar“ á pönnuna eftir 2-3 mínútur. Hellið olíu yfir og kryddið með cumin, timjan, múskati, salti og pipar. Snúið við og reynið að

láta þær halda sér saman. Hrærið í quinoa og látið smá smjörklípu út í, salt og pipar og einnig 1-2 tsk. hlynssíróp.

Sósan

Hrærið saman majónesi, sýrðum rjóma, 1-2 tsk. dijon, dilli, estragon, sýrópi, smá sítrónuskvettu, salti og pipar.

Takið grænkál og radísur úr ofninum. Grænkálið getur verið smá misjafnt eftir ofnum og þarf stundum skemmri tíma svo það brenni ekki við.

Látið rauðkálið á diska og látið þá linsubaunirnar á sömu pönnu, leyfið skalottuaknum og timjan að vera á, smá skvettu af ólífuolíu og við frekar háan hita og eldið í ca. 3 mínútur.

Látið svo quinoað á diskana með rauðkálínu, radísu, grænkáli, sósunni og að lokum linsurnar. Skreytið með timjangreinum og muldum heslihnetum.

Lausnarorð þessarar helgarkrossgátu er:

	8		5					3
		2	4					
3		7	2		9			6
4	6							8
		8				6		9
			7				5	
			1					5
	7			4			6	
5						1		

			8			5		1
				1	7			8
							3	4
5				6				
	2							
	7				9	6	8	3
	6				3	1	9	
2						3		6
				7	4			

[illegible]

FORLAGIÐ

Verðlaunahafi síðustu helgarkrossgátu

***Pálmar Kristinsson,
Reykjavík.***

**Rétt svar við gátu vikunnar
skal senda á krossgata@dv.is
ásamt nafni, símanúmeri og
heimilisfangi.**



Verðlaun fyrir rétt svar
er Sumarbókin eftir
Tove Jansson.

Í miðjan hrygginn hafði forstjórinn látið stinga niður stóru skilti með svörtum bókstöfum: Einka-lóð. Landganga óheimil. Við förum í land, sagði amman, og var mjög reið. Það kom óttasvipur á Soffíu. Sjáðu nú til, útskýrði amman. Engin sæmilega uppalin mann-eskja gengur á land í eyju sem aðrir eiga þegar þeir eru ekki heima. En ef þeir setja upp svona skilti þá gerir maður það, því það er hrein ögrun. Auðvitað, sagði Soffía og bætti við mikil-væga þekkingu sína á lífinu.

Sumarbókin er sígild bókmenntaperla sem segir frá Soffíu litlu og ömmu hennar og sumardvöl þeirra á smáeyju undan strönd Finnlands. Þessi tæra og látlausa en djúpvitra frásögn af örheimi eyjunnar, af gróðrinum og dýralífinu, hafinu og veðrinu og heimspeiklegum samræðum ömmu og Soffíu hefur heillað lesendur í næstum hálfa öld.

Tove Jansson skrifaði tíu bækur fyrir fullorðna sem allar hafa staðið í skugganum af geysivinsælum sögum hennar um múmínálfana. Sumarbókin er byggð á sumardvölum hennar og fjölskyldu hennar í finnska skerjagarðinum. Hún kemur nú í fyrsta sinn út á íslensku, í afbragðsþýðingu Ísaks Harðarsonar.

ÓREGLULEG SUDOKU

Þessi tegund af sudoku nefnist Óregluleg sudoku. Þar eru kassarnir fyrir tölustafina 9 ekki reglulegir en þrautin er eftir sem áður sú sama, það er að eingöngu má nota hvern tölustaf frá 1 upp í 9 einu sinni í hverjum kassa, þótt hér séu þeir óreglulegir og að í hverri línu, lárétt og lóðrétt gildir það sama og í öðrum sudoku að aðeins má hver tala koma fyrir einu sinni.

	9		1		2	6		3
					6			
	5		7			2		
								9
7								
		8			7		4	
			6					
2		1	8		4		7	

AMERÍSK KROSSGÁTA

1	2	3	4	5		6	7	8	9	10
11					12		13			
14					15	16				
17					18					
19					20			21		
			22	23		24	25			
26	27	28		29	30		31	32	33	34
35			36				37			
38							39			
40					41	42				
43						44				

LÁRÉTT

1. Leka
6. Þrautseigju
11. Röltir
13. Málhelti
14. Skriðdýr
15. Framleiðni
17. Ósaði
18. Depla
19. Sýta
20. Býli
21. Óvild
22. Tveir eins

24. Íröð
26. Hversu
29. Mjöður
31. Skrimta
35. Siðri
37. Munaður
38. Árans
39. Sett
40. Yfirbragð
41. Tindur
43. Ásamt
44. Bragðbæta

LÓÐRÉTT

1. Hlemmur
2. Flokkað
3. Vondur
4. Veggspjald
5. Samtök
7. Askur
8. Sprettur
9. Hirsla
10. Orðasveimur
12. Skraf
16. Skraut
23. Skorpa
25. Stoð
26. Hestburður
27. Skorta
28. Lífhvati
30. Leikni
32. Sly
33. Bakmælgj
34. Hamla
36. Góla
42. Glufa

STAFARUGL

Leynigesturinn í síðasta stafarugli var **JÓLABOÐ**. Já, fólk er farið að spyrja sig hvort þetta ástand í þjóðfélaginu eigi eftir að vara svo lengi í þessari atrennu að það þurfi jafnvel að slaufa jólaboðunum. Þá er nú fokið í flest skjól. Skítt með hrekkjavökupartíin en jólaboðin, nei, kemur bara ekki til mála.

Svona er tónninn orðinn í æði mörgum og jafnvel farið að rjúka úr eyrunum á sumum, orðin fyrir löngu búin að fá sig fullsödd og upp í kok af þessu kófi. Svo ég held líkum hætti og síðast og sneiði eftir bestu getu

alfarið hjá orðum sem tengjast þessu kófi í þessari orðasúpu og held mig við samtíning úr ýmsum áttum líkt og síðast.

Svo, hér er 20 orða orðasúpa, 19 gefin upp eins og venjulega en það tuttugasta, leynigesturinn, er þó líkt og í síðasta stafarugli eitt orð sem tengist jú kófinu þó það sé aðeins með óbeinum hætti en það hefur komið nokkuð fyrir í fréttum núna undanfarið jafn langsótt og það þó er.

golsa hvaðanæva sódavatn kabarett	saðsamur kabyssa ljóðabréf faðmfylli	móbarð góðglaður safaplanta nægilegt	lóuþræll gjafahestur fægiklútur krabbafló	madrasa jaðrakan fabúlera
--	---	---	--	---------------------------------

S	F	Y	E	S	M	G	Ó	O	M	X	R	E	Ý	H	F	G	G	E	Í	A	S	T	Í	P	A	Á	Í	É	O
O	Á	V	X	D	M	É	O	B	V	G	R	A	É	Í	G	Ý	Ð	U	U	Ó	Ð	L	A	Ó	Y	Á	S	H	I
N	X	Ó	Á	A	Í	P	H	U	Ú	H	S	Ó	O	X	Ú	X	L	Ú	E	R	G	Y	L	O	H	J	É	K	F
P	G	X	A	K	Ú	V	D	Á	H	J	E	V	Ú	J	Ú	N	M	Y	A	S	K	F	A	U	G	A	D	Ú	P
R	T	Y	Ú	Y	D	M	T	P	U	D	G	Y	G	O	Á	G	O	B	T	P	A	A	Í	M	M	R	Á	D	Y
K	I	S	S	S	P	Ó	V	N	Á	I	Ý	X	M	Í	D	F	Ó	F	M	B	T	U	N	Á	R	N	O	R	Í
Ó	O	M	Ó	B	K	Ú	S	M	Ú	Í	P	R	T	Ý	Y	M	I	S	B	N	H	D	Á	U	Y	D	Ú	T	V
I	F	O	Á	Ð	T	X	S	Ó	T	Á	X	S	A	V	V	N	Á	A	H	A	N	M	K	N	A	A	H	A	
D	E	Á	Y	K	Y	D	D	Ý	G	D	M	S	F	T	O	Á	R	L	I	V	F	A	S	R	Ð	S	G	Ð	Y
Í	F	O	P	T	I	U	X	Ó	D	S	É	M	U	H	Í	K	P	I	J	K	S	N	D	Í	L	Ú	Ý	I	D
Y	Ú	K	Á	Y	G	H	V	J	U	E	H	A	Ý	F	N	A	Ó	E	F	Ð	T	E	F	O	R	R	Í	Í	B
P	Á	G	T	S	O	U	R	Ú	Í	J	G	Ó	G	B	F	H	Í	F	A	A	G	Ý	G	D	K	B	Ð	I	I
L	A	F	L	G	L	N	Á	B	G	Ó	Ð	G	L	A	Ð	U	R	S	V	J	Y	F	Y	Ð	A	B	I	E	T
A	V	T	N	E	F	T	M	B	R	I	Ú	L	S	E	D	A	L	A	V	M	A	Y	M	N	Í	É	T	F	F
U	D	H	Í	L	V	Y	J	Ð	I	B	Y	Ú	E	F	S	S	D	F	L	D	U	L	E	Ý	J	J	S	Á	T
O	G	D	J	Á	Ö	P	K	M	A	K	E	M	F	P	Y	Ó	B	M	U	U	É	Á	H	K	P	E	S	U	L
J	N	M	R	A	L	Y	J	A	Y	J	Ý	V	P	E	S	R	S	L	Ó	U	Þ	R	Æ	L	L	É	F	G	G
O	U	Ú	A	K	L	M	T	D	Ó	Ó	O	Ý	K	Á	U	T	S	U	Í	U	Í	Ý	M	D	D	Í	E	E	O
Ý	B	P	P	D	U	J	S	R	Á	X	H	Á	U	P	T	A	Y	Ý	G	É	Ý	R	U	B	X	J	J	É	E
T	O	A	Ú	N	R	U	Ð	A	F	I	Y	N	T	V	E	U	E	X	M	P	D	D	O	T	Ó	A	V	H	H
G	Ð	I	D	O	D	É	Ó	S	F	H	S	É	E	N	S	M	P	Ð	Y	É	E	Ý	S	A	M	J	D	A	Í
Y	L	M	M	Í	Ú	I	F	A	S	V	F	Ó	L	F	K	Ó	É	H	F	I	U	Ó	T	Á	J	Á	N	Ú	I
R	É	R	A	Ð	G	J	A	F	A	H	E	S	T	U	R	B	Ý	Ð	E	P	Ú	N	B	Ý	Ó	É	F	S	U
F	Æ	G	I	K	L	Ú	T	U	R	M	V	Ú	M	Á	E	Í	Ý	N	I	J	Ý	Ý	Y	T	D	V	I	Ú	H
Ý	Í	X	F	Á	A	X	Y	F	R	É	D	A	Ó	A	V	H	Í	O	S	V	G	L	K	U	I	L	É	S	F
L	A	Ú	M	X	H	Ó	E	X	D	Í	N	L	Ð	Ó	H	Y	M	R	F	I	O	Ú	Í	D	L	M	G	K	P
Ý	Á	H	L	E	X	X	J	E	X	B	H	R	H	A	Ý	D	S	B	H	L	Ð	N	S	Y	K	J	A	A	I
K	L	H	J	Ú	Y	Á	X	I	J	S	É	U	K	R	N	A	H	T	Ý	G	G	P	F	X	P	I	Y	B	Í
P	F	Ý	Ó	U	Ú	M	B	X	B	R	É	X	L	R	T	Æ	Ý	S	L	H	R	M	X	X	Ý	Y	T	A	A
F	Ý	Á	Ð	K	H	V	P	P	A	B	N	A	N	G	Ð	X	V	B	V	I	Ð	U	Ó	O	X	N	S	R	Ó
T	B	G	A	A	Á	Ú	Ó	N	Ý	L	R	Ý	E	Ó	M	P	R	A	Ú	A	N	D	J	Á	F	K	K	E	I
Í	F	Ó	B	K	K	T	N	L	E	É	A	L	D	I	O	F	E	V	F	M	É	Y	K	Ó	Y	H	H	T	H
R	Á	B	R	L	Y	Ú	Ó	I	K	I	A	R	Ð	U	Ú	Ú	I	Á	D	Á	Ó	P	U	X	E	Ý	T	Y	
Y	G	Á	É	Ú	D	F	N	H	Á	G	R	S	D	J	A	Ð	R	A	K	A	N	Á	Ó	X	Ú	O	K	É	A
Ý	V	Í	F	X	U	X	A	Ó	Æ	E	K	Ó	O	X	G	D	Í	D	F	T	X	D	S	Ú	F	B	A	S	V
R	V	M	R	V	B	Í	X	N	L	Ý	L	O	É	T	Ú	S	D	B	X	G	Í	É	F	N	S	I	S	M	M
Ó	G	O	D	Ú	I	G	L	Ú	K	Á	O	F	É	G	I	F	R	J	U	T	Í	T	L	D	A	Y	P	U	X
I	U	U	Ú	K	B	R	B	E	Ð	I	D	P	Ð	Á	Í	Ó	J	U	É	É	Ú	Í	É	G	B	Ð	É	X	A
R	D	L	X	M	I	A	N	D	Á	D	A	F	M	Ó	K	B	Í	V	V	I	D	S	F	A	L	B	Ó	E	É
Ú	É	J	Í	L	F	R	Ú	Ð	É	T	B	Í	A	G	J	U	M	G	H	X	E	K	K	E	B	D	X	É	Ó

★★★★★

„... skýtur Hallgrímur títuþrjónum í íslensku þjóðarsálina, hittir beint í mark og sprengir hana eins og blöðru.“

RAGNHEIÐUR BIRGISDÓTTIR / MORGUNBLAÐIÐ

Ljóðabálkur eftir Hallgrím Helgason sem hrærir upp í okkur og brýnir með sinni alkunnu mælskusnilli



LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | www.forlagid.is | Opið alla virka daga 10–18 | laugardaga 11–16



1987
Melania, eða Melanija Knavs eins og hún hét á þessum tíma, er nær óþekkjanleg á myndinni, enda aðeins sautján ára gömul. Augu hennar eru mun opnari en við erum vön að sjá í dag.



1999
Spólum áfram til ársins 1999. Melania Trump er 29 ára og nýlega búin að kynna Donald Trump. Hár hennar er ljósara og augabrúnirnar þynnri. Hún virðist ekki vera búin að gera neitt við andlitið á sér á þessum tímamarki.



2004
Árið 2004 var hún með fallega karamellubrunnt hár sem fór litahætti hennar mjög vel. Á myndinni má sjá hana með mun léttari augnförðun en við erum vön að sjá hana með í dag.



2005
Á þessum tíma var Melania byrjuð að fara í brúnusprautun. Hér má sjá fallegar tennur hennar sem hún hefur fengið með aðstoð tannlæknis.



2008
Um þetta leyti byrjaði Melania að píra augun fyrir myndir eins og eiginmaðurinn. Að sögn ljósmyndara er það góð leið til að koma í veg fyrir að líta skringilega út til augnanna á myndum. Þannig að það er hugsanlega málið en ekki einhvers konar fegrunaraðgerð.



2009
Árið 2009 var Melania að nálgast fertugt. Varir hennar virðast fyllri, einnig kinnar hennar og undir augnsvæðinu. Það gerist ekki með aldrinum þannig margir hafa sett fram þá kenningu að hér hafi hún verið búin að gera eitthvað við andlitið á sér.



2010
Það sem vekur mesta athygli á þessari mynd eru vel mótuð kinnbein hennar. Það virðist sem hún sé með fylliefni í kinnum til að „lyfta andlitinu“ og þess vegna eru augu hennar „kattarlegri“ en áður.



2011
Það getur tekið fylliefni smá tíma þar til það „kemur sér“ almennilega fyrir. Myndin hér er frábært dæmi um það. Á myndinni frá árinu 2010 hefur hún líklegast verið nýbúin að láta sprauta í andlitið á sér, en hér hefur efnið „komið sér fyrir“ og er hún náttúrulegri.



2014
Það virðist sem Melania hafi tekið sér pásu frá fegrunaraðgerðum í smá tíma. Það er náttúrulegri hreyfing á andliti hennar. Hún er hér 44 ára.



2016
Hér virðist Melania vera aftur byrjuð að fíkta aðeins með fegrunaraðgerðir. Það er engin sjáanleg hrukka á enni hennar og augnsvæðið orðið minna. Það er einnig spurning um hvort hún sé búin að láta fylla aðeins í efri vörina.

Melania Trump í gegnum árin

Útlit Melaniu Trump hefur breyst mikið í gegnum árin. Margar grunar að það sé ekki aðeins vegna aldurs heldur vegna aðstoðar fegrunaraðgerða.

Guðrún Ósk
Guðjónsdóttir
gudrunosk@dv.is



Áður en Melania Trump varð forsetafrú Bandaríkjanna var hún fyrir-sæta. Hún sat fyrst fyrir aðeins sextán ára og þegar hún var átján ára komst hún á skrá hjá ítalskri umboðsskrifstofu og þá byrjaði boltinn að rúlla. Þegar myndir af Melaniu í gegnum árin eru skoðaðar er

eitt ljóst, útlit hennar hefur breyst og þá ekki aðeins vegna aldurs. Margir telja Melaniu Trump hafa gengist undir nokkrar fegrunaraðgerðir, þó að hún neiti því staðfastlega. „Ég er á móti bótoxi, ég er á móti fylliefni. Að mínu mati eyðileggur það andlitið og skemmir taugararnar. Þetta er allt ég. Ég ætla að eldast með reisu, eins og móðir mín gerði,“ sagði Melania í viðtali við GQ í apríl 2016. ■

2020
Þá erum við komin til dagsins í dag. Hún virðist hafa minnkað aðeins fylliefnið og fá augu hennar að njóta sín aðeins betur. Hún er með fallegar ljósbrúnar strípur og sumarlegar kinnar.



SPÁÐ Í... stjörnurnar

LESID Í TAROT **Saga Sig**

Þú ert rammgöldrótt, ein af okkur...

Í þessum fallega haustmánuði er viðeigandi að spá fyrir einni Vogardís og afmælistúlku, henni Sögu Sig listakonu. Spákonan þekkir Vogina í húð og hár enda Vog sjálf og hefur því margt um hana að segja. Eins og áður hefur komið fram þá horfir hún á heiminn í gegnum rórsrauð gleraugu, hún er rómantísk tilfinningavera sem elskar að skapa. Hún er mjög listræn hvort sem hún skapar list sjálf eða safnar list. Oft á tíðum er hún safnari að alls kyns hlutum en þó leynast inn á milli Vogir sem eru ofurmínimalískar.

Vogin er bæði hlédræg og gefandi út á við á sama tíma, það fer bara eftir því hvaða dagur er. Hún er einnig mjög næm og á það til að vera óumbeðið sálfræðingur fyrir sig og sína.

Sjöa í bikurum

Tækifæri | Val | Óskhyggja | Blekking

Við finnum það strax að þú ert rammgöldrótt, ein af okkur. Þú ert með djúpt og magnað innsæi sem þú neitar að hlusta á. Þetta spil kemur hér til að minna þig á þennan styrkleika sem þú býrð yfir og biður þig um að nýta þér hann. Hvað þarftu að gera til að jarðtengja þig svo að þú farir eftir þessum leiðbeiningum sem alheimurinn færir þér á silfurfati?

Ás í sverðum

Byltung | Nýjar hugmyndir | Skýrleiki | Velgengni

Já, vissulega einhver vonbrigði en það þýðir ekkert að dvelja þar. Þér líður eins og fargi sé af þér létt, ef þú ert ekki komin þangað þá er mjög stutt í það. Þókan hverfur og þú finnur nýjan kraft koma til þín, kraft til að skapa, vera til og hafa gaman. Það er svo gaman að þróast og þroskast, spennandi tímar eru fram undan þar sem þér líður vel í eigin skinni og finnst þú loks skilja hvað þú vilt.

Tvistur í bikurum

Ást | Samstarf | Gagnkvæm virðing

Hér kemur einhver inn, eitthvert fallett samstarf. Vinur sem þú hefur kannski ekki séð í smá tíma birtist aftur inn í líf þitt og tenging ykkar verður dýpri en nokkru sinni áður. Þetta er þessi vinur þar sem alveg er sama hversu langt líður, alltaf er eins og þið hafið síðast hist í gær.



MYND/ADSEND



Slík vinátta er afar dýrmæt því maður getur verið alveg maður sjálfur og sýnt allar sínar hliðar. Þessi vinur birtist á fullkomnum tíma því þú þarft á honum að halda, eftir eitt gott trúnókvöld verðið þið búin að plana stórkostlegt vinnusamstarf sem mun lukkast vel, eitthvað til að hlakka til.

SVONA EIGA ÞAU SAMAN

Orðin fimm manna fjölskylda

Landsliðsfyrirliðinn Aron Einar Gunnarsson og einkaþjálfarinn Kristbjörg Jónasdóttir eignuðust sitt þriðja barn fyrir skemmstu. DV lék á forvitni á að vita hvernig hjónin eiga saman ef lítið er til stjörnumerkinganna.

Aron og Kristbjörg eru bæði Naut. Ást tveggja Nauta er lostafull og parið getur gleymt sér í félagsskap hvort annars tímum saman. Þau tengjast sterkum böndum og geta lesið tilfinningar hvors annars jafn auðveldlega og dagblaðið.

Þau deila sömu fjölskyldugildum og er þeim ekkert mikilvægara en fjölskyldan. Þau bera samt virðingu fyrir áhugamálum hvort annars, en passa upp á að deila einhverjum þeirra saman.

Stærsta vandamál þeirra er að þegar eitt-hvað bjátar á er það tvö sett af hornum sem mætast og þau geta orðið einstaklega illkvittin ef þau vilja. Heiðarleg samskipti eru lykillinn til að komast hjá því vandamáli. ■



MYND/GETTY

Aron Einar Gunnarsson
Naut

22. apríl 1989

- Polinmóður
- Áreiðanlegur
- Hagsýnn
- Ábyrgur
- Þrjóskur
- Ósamvinnuþýður

Kristbjörg Jónasdóttir
Naut

15. maí 1987

- Áreiðanleg
- Polinmóð
- Tryggglynd
- Ábyrg
- Þrjósk
- Ósamvinnuþýð

STJÖRNUSPÁ

Vikan 16.10. – 22.10.

Hvað segja stjörnurnar um þig þessa vikuna?



Hrútur

21.03. – 19.04.

Æ, þér leiðist alveg hræðilega þessi höft og takmarkanir og þráir tilbreytingu. Nú reynir á hugmyndaflugið. Hvernig væri að hækka í ofnunum, skella í „Sex on the Beach“-kokteil og labba um í flip-flops og silkislopp eins og þú værir á Balí. Það er ekkert sem takmarkar þig nema hugurinn.



Naut

20.04. – 20.05.

Nautið er svo fallega jarðbundið og hjálpar öllum í kringum sig að jarðtengja sig sem er einstaklega mikilvægt í þessum breyttu aðstæðum. Þú finnur köllun til þess að mastera enn frekar þessa gjöf, er nám í sálfræði eða markþjálfun að kalla á þig?



Tvíburi

21.05. – 21.06.

Einhverjar rekstrarhugmyndir krauma innra með þér. Eitt af því fallega sem gerist á svona skrítnum tímum er að þá fá margir tíma til þess að láta gamla drauma rætast. Skref í áttina að nýju verkefni hefjast í vikunni...



Krabbi

22.06. – 22.07.

Ef það er einhver sem þarf gúrkur á augun, jógúrtmaska og fótabað, þá ert það þú. Þú hefur staðið þig svo vel í baráttunni við breyttar aðstæður að þú gerir þér ekki grein fyrir spennufallinu sem tauga-kerfi þitt hefur upplifað. Smelltu í heimaspa!



Ljón

23.07. – 22.08.

Passaðu að þú tjáir þig jafn mikið og þú hlustar þessa vikuna. En annars er nokkuð kósí haustvika í kortunum þar sem þú nýtur þín vel og finnur fyrir góðu jafnvægi sem er mikið sagt um þessar mundir.



Meyja

23.08. – 22.09.

Þú gætir fengið verðlaun fyrir að ofhuga hlutina og þessa vikuna er mögulegt ofhugsunarmarapón í gangi. Við erum hér til að minna þig á að í flestum aðstæðum eru hlutirnir mun einfaldari og betri en þú sérð í augnablikinu. Ekkert vandamál er of stórt.



Vog

23.09. – 22.10.

Þú ert óvenju bjartsýn þessa vikuna miðað við aðstæður sem er frábært og margir fagna. Þú hlærð kannski smá manískum hlátri sem gæti hrætt nána vini en ert bjartsýn engu að síður.



Sporðdreki

23.10. – 21.11.

Þú ert óvenju lítið eins og „excel-skjal“ þessa vikuna og nýtur þess að kafa dýpra í mýktina. Fólk kann ekki alveg á þessa vanilluhjúpuðu hlið á þér en það kann svo sannarlega að meta hana. Það er aldrei of seint að kanna nýjar hliðar á sér.



Bogmaður

22.11. – 21.12.

Þú átt magnaðan innsta hring sem dýrkar þig og dái. Þetta er samfélag sem þú hefur skapað og speglar þig á allan máta. Þessa vikuna færðu óvæntan glaðning frá einum af þeim og lærir smám saman að þiggja jafn mikið og þú gefur.



Steingeit

22.12. – 19.01.

Þú er svo mikil félagsvera og nær-ist á vinum þínum sem upphefja þig. Nú reynir á hugmyndaflugið, hvernig þú getur fengið að hitta þessa einstaklinga með núverandi sóttvarnareglum, því þú þarft óvenju mikið á þeim að halda.



Vatnsberi

20.01. – 18.02.

Þér finnst smá eins og engar reglur gildi lengur. Þig langar helst að hætta borga leigu og LÍN, búa í kommúnu og býtta á varningi. Við elskum þennan stjörnlausa hippaling sem býr innra með þér en biðjum þig að lenda aðeins á jörðinni.



Fiskur

19.02. – 20.03.

Af öllum stjörnumerkingum þá finnum við mest til með Fisknum því þetta ár er endalaust verið að reyna á takmörk þín. Þessar upplifanir eru misþægilegar en þær eru allar mannbætandi þrátt fyrir að þú sjáir það ekki á þeirri stundu. Þú finnur þó innra með þér að þessar breytingar eru spennandi framför.

SKOÐANAPISTILL

UTAN VALLARHörður Snævar
Jónsson

Það bendir margt til þess að síðasti mótsleikur Knattspyrnusambands Íslands á þessari leiktíð hafi farið fram, hertar aðgerðir vegna kórónuveirunnar hafa komið í veg fyrir að það sé spilað. Ísland virðist vera eitt af fáum löndum í heiminum sem bannar íþróttaiðkun á þessum fordæmalausu tímum og því gæti KSÍ þurft að taka í gikkinn og blása mótíð af. Sambandið setti inn nýja reglugerð fyrir mótin vegna veirunnar, þar sem hægt er að blása allt af vegna hennar ef búið er að spila 2/3 af mótinu en sambandið ætlaði þó að gefa sér til 1. desember að klára þau. Búið er að leika 2/3 í öllum deildum og því ekkert í regluverkinu sem bannar að blása mótin af, það er hins vegar ósanngjarnt á margan hátt að klára ekki mótin. Mikið er í húfi fyrir marga í þeim örfáu leikjum sem eftir eru. Ég tel mig vera með hina fullkomnu lausn ef blása þarf mótin af vegna veirunnar. Fjölgun liða í efstu tveimur deildum karla og efstu deild kvenna á næstu leiktíð væri sanngjarnast fyrir flesta.

Efsta deild karla

Til að allir sætu við sama borð yrði að spila einn leik í efstu deild karla, Stjarnan og KR eru einu liðin með 17 leiki og eiga þau eftir að mætast. KSÍ myndi fá undanþágu til að spila leik liðanna sem þau eiga innbyrðis. Þar væri mikið í húfi en KR gæti náð fjórða sætinu af Stjörnunni sem gæti gefið Evrópusæti, undanúrslit og úrslit eru eftir í bikarnum en vel er hægt að spila það í janúar eða febrúar. Á næsta ári væri svo hægt að fjölga liðum í deildinni um tvö lið. Fjölnir færi niður en Gróttta myndi halda sæti sínu í deildinni. Fjölnir gæti pirrað sig á þessu en þetta væri sanngjörn lausn fyrir flesta. Þrjú lið kæmu svo upp úr 1. deildinni en Keflavík situr þar í efsta sæti og Leiknir og Fram eru jöfn að stigum í öðru og þriðja sæti. Ef mótíð yrði ekki klárað væri sanngjarnt að mínu viti að þessi lið færu upp. 14 liða deild á næsta ári vegna veirunnar og hægt að kjósa um það á ársþingi í febrúar hvernig framhaldið verður.

1. deild karla

Með því að setja þrjú lið upp væri ég með tíu lið eftir í 1. deild eftir að hafa sent Fjölni niður um deild enda liðið ekki unnið einn leik í efstu deild í sumar og hefur gott af hvíldinni. Ekkert lið myndi falla úr 1. deild á þessari leiktíð, fallbaráttan þar er hörð þeg-



Því miður virðist Ísland vera eina landið sem ekki getur leyft íþróttum að halda áfram þrátt fyrir COVID-19 faraldurinn.

MYND/VALLI

ER ÞETTA FULLKOMIN LAUSN Í VONLAUSU ÁSTANDI?

Margt bendir til þess að ekki verði hægt að klára Íslandsmótin í knattspyrnu, pressa er frá félögum á að blása mótin af vegna veirunnar en ekki stefnir í að boltinn geti rúllað af stað á næstunni.

„Það er von mín og ósk að KSÍ gefist ekki upp og reyni allt sem hægt er til að klára mótin.“

ar tvær umferðir eru eftir. Þróttur myndi sleppa við fall í dag ef mótíð yrði blásið af og núverandi reglugerð yrði notuð, Þróttur heldur sér uppi á einu marki frekar en Magni en bæði lið hafa 12 stig líkt og Leiknir Fáskrúðsfirði, ekki beint sanngjarnt

fyrir einn né neinn að falla á svona smáatriði þegar mótíð hefur ekki verið klárað. Úr 2. deild karla myndi ég svo sækja fjögur lið og búa til 14 liða 1. deild að ári. Kórdrengir hafa vel unnið fyrir sæti sínu í deildinni og eru efstir, fara upp sama hvort spilað verður

eða ekki. Þróttur Vogum, Sel-foss og Njarðvík eiga svo öll möguleika á öðru sæti deildarinnar. Þau færu öll upp í 1. deildina og 14 liða deild yrði næsta sumar. Eins og með efstu deild væri svo hægt að ræða málin betur á ársþingi KSÍ.

2. og 3. deild karla

Í annarri deild næsta sumar yrðu því eftir átta lið, ekkert lið myndi falla úr deildinni. KV og Reynir Sandgerði hafa nú þegar tryggt sér sæti í deildinni að ári með góðum árangri í 3. deildinni. Tvö lið til viðbótar kæmu með upp sem yrðu þá Augnablik og KFG og eftir sæti 12 liða deild eins og áður. Í 3. deild karla væru eftir átta lið en ÍH og KFS hafa nú þegar tryggt sér sæti í deildinni að ári. Hamar og Kormákur/Hvöt sem léku um þriðja sætið í fjórðu deildinni færu upp í 3. deildina með þeim liðum og áfram væri þar 12 liða deild. Fjórða deildin er

svo riðlaskipt og leikur einn að halda sama fyrirkomulagi þar.

Efsta deild kvenna

Ef ekki verður hægt að klára deildirnar væri eðlilegast í kvennaflokki að ekkert lið myndi falla og eftir sætu tíu lið í deildinni. Fjöldi liða getur enn fallið og þar á meðal KR sem hefur í þriggja farið í sóttkví í sumar vegna veirunnar. Tindastóll og Keflavík kæmu upp og hægt væri að spila 12 liða efstu deild að ári. Í neðri deildum kvenna er svo hægt að stilla mótin þannig af að 8-10 lið yrðu í 1. og 2. deild að ári. Líklegt er að flest lið myndu sætta sig við þessa niðurstöðu.

Með þessu fyrirkomulagi held ég að allir gætu sætt sig við að mótin yrðu blásin af þó að það sé von mín og ósk að KSÍ gefist ekki upp og reyni allt sem hægt er til að klára mótin í kringum 1. desember ef þess þarf. ■

JS WATCH CO. REYKJAVÍK
Sennilega
Heimsins Minnsti
Úlra
Framleiðandi



ÚRSMÍÐAMEISTARI OKKAR MISSIR ALDREI EINBEITINGUNA

Gilbert Ó. Guðjónsson úrsmíðameistari og alþekktur fagmaður grandskoðar hvert einstakt úr áður en það yfirgefur verkstæði okkar. JS úrin eru íslensk hönnun og framleiðsla, sett saman á úrsmíðaverkstæði Gilberts, þar sem viðskiptavinir geta komið og hitt úrsmiðina sem setja saman úrin þeirra.

Úrvalið af JS úrum hefur aldrei verið meira og ættu flestir að geta fundið íslenskt úr við sitt hæfi en úrvalið má skoða á vefsíðu www.gilbert.is eða www.jswatch.com.



JS Watch co.
REYKJAVÍK

GILBERT
ÚRSMÍÐUR
Laugavegi 62 - sími: 551-4100
www.gilbert.is

Kynntu þér málið á
www.jswatch.com



SAND KORN



MYND/DANÍEL

Fjölskylduflétta


Það myndaðist skemmtileg fjölskylduflétta í tíufréttum RÚV á miðvikudagskvöldið. Íþróttafréttakonan Eva Benediktsdóttir, systir íþróttafréttamannsins Guðmundar Benediktssonar, sem er betur þekktur sem Gummi Ben, sagði fréttir af landsleik kvöldsins sem bróðir hennar lýsti á Stöð 2. Í kjölfarið var viðtal við Albert Guðmundsson, son Gumma Ben, en langafi hans var Albert Guðmundsson, ráðherra og fyrsti atvinnumaður Íslands í knattspyrnu. Mamma Alberts yngri, Kristbjörg, er sömuleiðis fyrrverandi afrekskona í knattspyrnu.



MYND/VALLI

Áslaug, athugaðu

Hlustendur Rásar 2 tóku eftir óvenjulegri bjórauglýsingu í gær sem hljóðaði svo: „Áslaug, athugaðu. Það þarf ekki alltaf að vera vín. Alvöru bjór með humrinum. Bríó áfengislaus.“ Er þar vísað til áfengisfrumvarps dómsmálaráðherra, Áslaugar Örnú Sigurbjörnsdóttur. Önnur auglýsing fylgdi fast á eftir: „Ungir sjálfstæðismenn athugið. Alvöru bjór er kominn í matvöruverslanir. Bríó áfengislaus.“ Ölgerðin Egill Skallagrímsson rekur Borg brugghús og ber ábyrgð á auglýsingunum. ■



Bríari?

LOKI



www.krokur.net
522 4600

Taktu Krók á leiðarenda

Krókur hf. er fyrirtæki sem að hefur sérhæft sig í flutningum og björgun ökutækja. Félagið rekur einnig þjónustumiðstöð fyrir tjónaökutæki þar sem veitt er ahliða þjónusta í meðhöndlun tjónabifreiða og annarra bifreiða samkvæmt óskum viðskiptavina.

- Krókur býður m.a. uppá:
- Starfsmenn sem eru þjálfaðir og reyndir í bíla- og tækjaflutningum
 - 24 stunda þjónustu allt árið um kring
 - björgunarþjónustu og aðstoð ef bílar bíla eða flytja þarf þá á verkstæði



KRÓKUR
á þinni leið

Suðurhraun 3, 210 Garðabær